

ÁRSSKÝRSLA GRÓTTU 2025



Skýrsla aðalstjórnar Gróttu



Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar Gróttu	3
Skýrsla handknattleiksdeildar Gróttu	13
Skýrsla fimleikadeildar Gróttu	25
Skýrsla knattspyrnudeildar Gróttu.....	37
Heiðursmerki Gróttu	48
Íþróttafólk ársins.....	55
Lög félagsins	60

Ársreikninga, stöðutöflur og nánari upplýsingar má finna á www.grotta.is

Skýrsla aðalstjórnar Gróttu

Ávarp formanns

Kæra Gróttuvinir,

Gróttu gegnir lykilhlutverki í samfélagi okkar og hefur í áratugi verið vettvangur þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að vaxa, dafna og byggja upp heilbrigðan lífsstíl. Líkt og önnur íþróttafélög stöndum við þó frammi fyrir áskorunum, ekki síst á sviði fjármála, sem kalla á samstöðu, útsjónarsemi og áframhaldandi uppbyggingu.

Sterk og markviss samvinna við samfélagið í heild sinni er því algjör lykilatriði — við sveitarfélagið, stjórnarmenn, starfsfólk, þjálfara, sjálfboðaliða og styrktaraðila. Samstillt átak allra þessara aðila skapar þann trausta grunn sem félag eins og Gróttu þarfnast til að sinna sínu mikilvæga hlutverki.

Íþróttastarf hefur ómetanlegt forvarnargildi. Það veitir börnum og ungmönnum öryggi, agaðan ramma, jákvæðar fyrirmyndir og félagsleg tengsl sem hafa varanleg áhrif langt út fyrir æfingavæðið. Fyrir samfélagið allt er þetta fjárfesting í velferð, lýðheilsu og framtíð komandi kynslóða. Þar skiptir Gróttu miklu máli.

Fram undan eru áskoranir sem við þurfum að mæta saman. Við þurfum að efla sjálfboðaliðastarfið enn frekar, leita nýrra leiða í tekjuöflun og halda áfram að þróa félagið af ábyrgð og metnaði. Börnin treysta á okkur



Karitas Kjartansdóttir

— og við berum sameiginlega ábyrgð á því að þau fái tækifæri til að stunda íþróttir í uppbyggjandi, jákvæðu og öruggu umhverfi.

Ég er stolt af því samfélagi sem við myndum í Gróttu og því öflugra starfi sem hér fer fram á hverjum einasta degi.

Að lokum vil ég færa starfsfólki Gróttu og stjórnarmönnum félagsins einlægar þakkir fyrir fagleg og afar vel unnin störf og gott samstarf á liðnu ári. Sérstakar þakkir færi ég sjálfboðaliðum félagsins, sem með ómetanlegu, óeigingjörnu og fórnfúsu starfi halda starfsemi gangandi og gera allt þetta mögulegt. Án ykkar væri Gróttu ekki sú sterka heild sem hún er í dag.

Þá vil ég einnig þakka styrktaraðilum okkar fyrir afar gott og mikilvægt samstarf.

Ég hlakka til að vinna áfram að frekari uppbyggingu þessa frábæra félags, foreldrum, börnum og samfélaginu öllu til heilla.

Kveðja góð,
Karitas Kjartansdóttir
Formaður Gróttu



Almennt um starf félagsins

Gróttta er fjölgreinafélag með fjórar deildir fimleika-, handknattleiks- og knattspyrnudeild ásamt almenningsdeild sem er undir aðalstjórn félagsins. Allar deildir félagsins sinna öflugum starfi fyrir iðkendur á öllum aldri. Starfsemi fimleika-, handbolta- og knattspyrnudeildar eru gerð góð skil í skýrslum deilda.

Nýr framkvæmdastjóri Málfríður Sigurhansdóttir tók við af Jóni Sigurðssyni í maí. Málfríður er fædd og uppalinn Seltirningur en hefur síðastiliðin 28 ár starfað fyrir ungmennafélagið Fjölni. Fríða, eins og hún er oftast kölluð, hefur einnig setið í stjórnnum og nefndum fyrir og innan sérsambanda ÍSÍ og fyrir ÍBR, og kemur því með dýrmæta áratuga reynslu úr íþróttahreyfingunni inn í félagið.

Almenningsdeild heldur utan um starfsemi fyrir 65+ í samstarfi við Seltjarnarnesbæ og félag eldri borgara á Seltjarnarnesi. Frísk í Gróttu sem hófst í mars 2024 hélt áfram en það varstrax góð þátttaka í þessum skemmtilegu tímum sem eru niðurgreiddir af Seltjarnarnesbæ. Frábær styrktar, liðleika- og heilsueffandi hreyfing fyrir 65 ára og

eldri. Einnig er öflugur hópur eldri borgara sem hittist í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar á föstudögum og gengur saman góðan hring í hverfinu. Eftir útiveruna og hreyfinguna staldra þau við og spjalla yfir kaffibolla og góðu bakkelsi í boði Björnsbakarí.

Sumnámskeið í samvinnu með Seltjarnarnesbæ voru á sýnum stað og tókust mjög vel. Erlendur Guðmundsson var umsjónarmaður yfir öllu sumarstarfinu og leysti hann það starf mjög vel. Fimleika-, handknattleiks- og knattspyrnudeildir voru með sitt hefðubundna og skemmtilega sumarstarf ásamt því að almenningsdeild bauð upp á sundnámskeið í fyrsta sinn í sögu félagsins, var sundinu svo vel tekið að ákveðið var að bjóða upp á sund áfram í vetur og er óhætt að segja að það hefur mælst mjög vel fyrir og heldur vonandi áfram að eflast og dafna.

Erlendur hélt svo áfram að vinna hjá okkur á skrifstofu félagsins þegar sumarnámskeiðunum lauk. Fyrst í hlutastarfi við verkefnastjórnun á skrifstofu félagsins ásamt því að ljúka námi í Íþrótt- og heilsufræði, en í árslok byrjaði hann í fullu starfi sem íþrótt- og verkefnastjóri.



Mannauður

Aðalstjórn Gróttu



Karítas Kjartansdóttir
Formaður
Viðskiptafræðingur og meistaranám í stjórnun
11 ára starf fyrir Gróttu



Anna Björg Erlingsdóttir
Varaformaður
Viðskiptafræðingur
16 ára starf fyrir Gróttu



Kristinn Þorvaldsson
Meðstjórnandi
B.Ed í kennslufræði og MPM í verkefnastjórnun
8 ár í aðalstjórn Gróttu



Ragnar Rafnsson
Gjaldkeri
Fjármálaverkfræðingur
8 ára starf fyrir Gróttu

Starfsmenn á skrifstofu aðalstjórnar



Tinna Molphy
Formaður fimleikadeildar
Viðskiptafræðingur
2 ára starf fyrir Gróttu




Þorsteinn Ingason
Formaður knattspyrnudeildar
Lögmaður
9 ára starf fyrir Gróttu



Ólafur Finnbogason
Formaður handknattleiksdeildar
Fasteignasali
3 árs starf fyrir Gróttu



Málfríður Sigurhansdóttir
Framkvæmdastjóri
Stjórnendanám



Erlendur Guðmundsson
Verkefnastjóri
Íþrótt- og heilsufræðingur,
KSÍ C þjálfaragráða

Starfsmenn íþróttamannvirkja



Hlynur Morthens
Vallarstjóri Vivaldi

Bogi Elvar
Húsvörður

Hólmur Karl
Húsvörður

Ana Bogdan
Húsvörður

Jóhanna Selma Sigurðardóttir
Fyrihúsvörður

Viðurkenningar

Íþróttafólk Gróttu 2025

Kjör íþróttafólks Gróttu 2025 fór fram við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Gróttu þriðjudaginn 3. Mars.

Íþróttamaður Gróttu

Tilnefndir voru:

- Antoine Óskar Pantano - Handknattleiksdeild
- Grímur Ingi Jakobsson - Knattspyrnudeild

Handknattleiksmaðurinn **Antoine Óskar Pantano** var valinn íþróttamaður Gróttu árið 2025.

Antoine Óskar er fæddur árið 2006 og er að leika á sínu fjórða leiktímabili með Gróttu þrátt fyrir að vera eingöngu 19 ára gamall. Hann er einn af tveimur fyrirliðum liðsins og leikur ýmis sem skytta eða miðjumaður. Fyrri hluta núverandi tímabils (2025/26) hafði Antoine skorað 70 mörk fyrir Gróttu og leikið lykhillutverk í varnarleik liðsins.

Antoine varð bikarmeistari í mars með þriðja flokki félagsins en flokkurinn endaði einnig í 2.sæti Íslandsmótsins eftir framlengdan úrslitaleik. Antoine var lykilleikmaður liðsins, fyrirliði og með hæfileikum sínum gerði hann alla leikmenn í kringum sig betri. Hann hefur verið fastamaður í unglíngalandsliðum Íslands og verið þar fyrirliði. Antoine leggur sig ávallt allan fram í öll verkefni, tekur leiðsögn vel og getur náð enn lengra á næstu árum.

Antoine Óskar hefur undanfarin þrjú árin, samhliða leikmannaférlinum, verið þjálfari yngri flokka hjá félaginu og af honum fer virkilega góður orðstír. Hann hefur verið í forgrunni fyrir mikla uppbyggingu og fjölgun í vesturbæjarstarfi yngstu flokka félagsins.

Íþróttakona Gróttu

Tilnefndar voru:

- Ída Margrét Stefánsdóttir – Handknattleiksdeild
- Lovísa Davíðsdóttir Scheving – Knattspyrnudeild

Handknattleikskonan **Ída Margrét Stefánsdóttir** var valin íþróttakona Gróttu árið 2025

Ída Margrét Stefánsdóttir er leikmaður meistaraflokks kvenna hjá Gróttu, fædd árið 2002 og er réttthent skytta. Frá árinu 2022 hefur hún verið lykilleikmaður Gróttuliðsins og myndar í dag fyrirliðateymi liðsins með Katrínu Helgu Sigurbergsdóttur.

Ída er stórskytta og var markahæsti leikmaður liðsins á seinasta tímabili í Olísdeildinni. Hún hélt uppteknum hætti í vetur og var í árslok langmarkahæsti leikmaður Gróttu hingað til, með 7 mörk að meðaltali í hverjum leik. Auk þess er hún frábær varnarleikmaður og fyrirmynd.

Á lokahófi handknattleiksdeildar Gróttu í vor þá var Ída Margrét valin mikilvægasti leikmaður liðsins fyrir tímabilið 2024-2025. Það eru virkileg gleði tíðindi, að fyrir jólin ákvað hún að framlengja samninginn sinn við Gróttu til ársins 2029.



Antoine Óskar Pantano



Ída Margrét Stefánsdóttir



Kristín Fríða Scheving

Íþróttakona æskunnar

Tilnefndar voru:

- Edda Sigurðardóttir – Handknattleiksdeild
- Hrefna Höskuldsdóttir Rafnar – Fimleikadeild
- Jóhanna Kristmundsdóttir – Knattspyrnudeild
- Kristín Fríða Scheving – Handknattleiksdeild
- Sólveig Þóra Sölvadóttir – Fimleikadeild
- Þuríður Katrín Kristinsdóttir – Fimleikadeild

Handknattleikskonan **Kristín Fríða Scheving** var valin íþróttakona æskunnar árið 2025.

Kristín Fríða Scheving er leikmaður í 3.flokki kvenna. Hún er fædd árið 2008 og hafði, þrátt fyrir ungan aldur, leikið 14 leiki fyrir meistaraflokk undir árslok 2025. Hún leikur aðallega sem skytta eða miðjumaður á handboltavellinum og býr yfir gífurlegum hraða og sprengikraft í sínum leik. Hún leikur lykilhlutverk með 3. flokknum og undir árslok 2025 hafði flokkurinn ekki enn tapað leik á tímabilinu. Kristín Fríða er mikil keppnismanneskja sem leggur sig alltaf 110% fram jafnt á æfingum sem leikjum.

Íþróttamaður æskunnar

Tilnefndir voru:

- Björgvin Brimi Andrésón – Knattspyrnudeild
- Helgi Skírniir Magnússon – Handknattleiksdeild
- Þröstur Blær Guðmundsson – Handknattleiksdeild

Knattspyrnumaðurinn **Björgvin Brimi Andrésón** var valinn íþróttamaður æskunnar árið 2025.

Björgvin er 17 ára gamall og spilaði stórt hlutverk í meistaraflokki Gróttu þegar félagið fór upp úr 2. deild á



Hreggviður (f. Björgvin Brima)

síðustu leiktíð. Hann spilaði 25 leiki, skoraði 10 mörk og sendi fjölda stoðsendinga og var í haust valinn efnilegasti leikmaður 2. deildar. Björgvin Brimi er fljótur og teknískur leikmaður sem hikar ekki við að herja á varnarmenn andstæðinganna eins og sást bersýnilega síðasta sumar. Björgvin vakti með frammistöðu sinni athygli bæði erlendis og innanlands en í vetur gekk hann til liðs við Íslandsmeistara Víkings R. Hann hefur nú verið lánaður aftur í Gróttu, og leikur með liðinu í lengjudeildinni í sumar.

Þjálfari ársins

Tilnefnd voru:

- Andri Sigfússon – Handknattleiksdeild
- Arnar Þór Axelsson – Knattspyrnudeild
- Vala Thoroddsen – Fimleikadeild

Vala Thoroddsen fimleikaþjálfari var valinn þjálfari ársins árið 2025.

Vala Thoroddsen er framúrskarandi þjálfari hjá fimleikadeild Gróttu og hefur í áraraðir verið iðkendur, aðstandendum og samstarfsfólki mikil fyrirmynd. Í dag starfar Vala sem yfirþjálfari grunnhópa fimleikadeildar Gróttu en sú deild er fjölmennasta deildin. Hún hefur þjálfað yngri hópa, stýrt sumarskóla Gróttu og tekið þátt í ótal verkefnum innan deildarinnar af ómetanlegri ástríðu og vinnusemi.

Framlag hennar hefur verið lykilþáttur í uppbyggingu og styrkingu fimleikastarfs félagsins síðustu ára. Hún leggur ríka áherslu á að mæta hverjum iðkanda á sínum forsendum og skapar aðstæður þar sem allir fá tækifæri

til að blómstra. Þá er hún ávallt reiðubúin að takast á við áskoranir sem upp koma og hefur sýnt sterka forystu í að leiða breytingar og þróun á jákvæðan hátt. Það er því ekki tilviljun að hún hafi nýlega verið valin Leiðtogi ársins hjá Fimleikasambandi Íslands, viðurkenning sem endurspeglar bæði faglegt starf hennar og mannlega nálgun. Vala Thoroddsen er án efa einn af burðarásu fimleikadeildar Gróttu og hefur gegnt lykilhlutverki í liðsheild og uppbyggingu félagsins – í fortíð, nútíð og til framtíðar.



Vala Thoroddsen

Sjálfboðaliðar ársins

Útnefnd til verðlaunanna sjálfboðaliða ársins árið 2025 voru:

Sigmundur Einar Másson – Knattspyrnudeild

Sigmundur Einar hefur reynt knattspyrnudeild vel, hann hefur sett kraft í það með okkur að nýta vallarskjáinn í auglýsingar á leikjum, einnig hefur hann aðstoðað við uppsetningu á áramótakveðju og allskonar skemmtilegu efni á skjáinn. Með þessu opnaðist á mikla möguleika í notkun skjásins sem og skemmtilega tengingu við samfélagið á nesinu sem dæmi má nefna þar niðurtalningu í áramót, stuðningur við strákana okkar á EM þar sem Viggó Kristjánsson okkar maður var í forgrunni á skjánum. Simmi hefur einnig verið duglegur að leggja sitt af mörkum þegar kemur að dómgæslu og öðru í umgjörð leikja. Við þurfum fleiri menn eins og Simma.



Sigmundur Einar Másson

Bernódus Sveinsson og Kristín Björg Svövudóttir – Handknattleiksdeild

Handknattleiksdeild Gróttu tilnefnir hjónin Bernódus Sveinsson og Kristínu Björgu Svövudóttur sem sjálfboðaliða ársins. Bæði hafa þau lengi unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir handboltann og hafa bæði hlotið bronsmerki félagsins. Undantekningalaust vinna þau bæði á leikjum meistaraflokks karla og meistaraflokks kvenna og fara í öll þau hlutverk sem vantar hverju sinni með bros á vör. Það eru mikil forréttindi að hafa svona gullmola sem sjálfboðaliða hjá deildinni.



Kristín Björg og Bernódus

Anna Kristín Kristinsdóttir – Fimleikadeild

Anna Kristín hefur verið viðloðandi fimleikadeildina nánast frá stofnun hennar. Hún var í stjórn hennar í mörg ár og hefur alltaf verið tilbúin að stökkva til þegar þess var óskað. Hún hefur bakað ófár pönnukökur og annað bakkelsi fyrir fjáraflanir og fimleikamót á vegum Gróttu. Hún hefur boðið þjálfurum sem hafa komið til landsins tímabundið að gista í gestaherberginu hjá sér

á Lindarbrautinni þegar þess hefur verið óskað og hafa tveir erlendir þjálfarar gisti hjá henni í samtals tvo mánuði á þessu ári. Það hefur hún gert með bros á vör á milli þess sem hún bakar pönnukökur og tekur þá með sér í skoðunarferðir. Hún er svo sannarlega verðugur fulltrúi frá fimleikadeild sem sjálfboðaliði ársins.

- Soffía Helen Sölvadóttir – Handknattleiksdeild
- Sylvía Sigrún Eðvarsdóttir – Handknattleiksdeild

Heiðursmerki

Við afhendingu viðurkenninga til afreksfólks Gróttu þann 1. febrúar 2024 voru einnig veitt heiðursmerki félagsins. Eftirtaldir einstaklingar hlutu heiðursmerki félagsins við að tilefni:

Gullmerki Gróttu:

- Harpa Hlíf Bárðardóttir



Harpa Hlíf Bárðardóttir



Anna Kristín Kristinsdóttir

Fyrstu landsleikir

Eftirfarandi krakkar spiluðu sína fyrstu landsleiki á árinu 2025, og fengu viðurkenningu fyrir:

- Hannes Pétur Hauksson – Handknattleiksdeild
- Kristján Tómas Björnsson – Knattspyrnudeild



Íris Arna (f. Kristján Tómas), Sylvía Sigrún og Hannes Pétur



Harpa Frímansdóttir

Silfurmerki Gróttu:

- Harpa Frímansdóttir

Bronsmerki Gróttu:

- Alfreð Finnsson
- Bergdís Katla Birgisdóttir
- Bríet Bjarnadóttir
- Halla Steingrímsdóttir
- Hervör Pálsdóttir
- Hildur Arnaldsdóttir
- Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir
- Kristófer Melsteð
- Kristófer Orri Pétursson
- Margrét Kristín Jónsdóttir
- Selma Katrín Ragnarsdóttir
- Sunna Stefánsdóttir
- Þorgeir Bjarki Davíðsson



Bronsmerkjahafar



Skýrsla handknattleiksdeildar Gróttu

Ávarp formanns

Handboltastarf Gróttu er í miklum blóma eftir öfluga Handboltastarf Gróttu er á krossgötum. Yngri flokkarnir eru í miklum blóma eftir öfluga viðspyrnu undanfarin ár og það líður ekki á löngu þar til starf meistaraflokkanna verði orðið sjálfbært með þeim fjölda leikmanna og gæðum sem yngri flokka starfið skilar af sér. Báðir meistaraflokkar félagsins léku í vetur í Grill 66-deildinni eftir að hafa fallið úr Olísdeildinni tímabilið á undan. Í sjötta sinn í sögu félagsins tefldi Gróttu fram ungmennaliði sem lék í 2.deild Íslandsmótsins 2024-2025. Liðið stóð uppi sem sigurvegari í deildinni án þess að tapa leik. Þar fengu ungir og efnilegir leikmenn félagsins tækifæri í fyrsta sinn að leika með meistaraflokki og gátu þroskast þar og dafnað sem leikmenn. Þessir sömu leikmenn urðu síðan burðarásar meistaraflokks 2025-2026.

Vorið 2025 endað meistaraflokkur karla í 11.sæti Olísdeildarinnar og þurfti því að fara í umspil um áframhaldandi sæti í Olísdeildinni. Liðið vann Hörð frá Ísafirði í undanúrslitum og mætti Selfyssingum í úrslitaeinvígi. Þar voru Selfyssingar sterkari og unnu 3-1. Gróttu féll því í Grill 66-deildina eftir fimm ára veru meðal bestu liða landsins. Meistaraflokkur kvenna endaði í 8.sæti Olísdeildarinnar og féll í Grill 66-deildina eftir eins árs veru í Olísdeildinni. Ungmennalið Gróttu lék í 2.deild Íslandsmótsins og vann deildina án þess að tapa leik.

Vorið 2026 endaði meistaraflokkur karla í 2.sæti Grill 66-deildarinnar eftir að hafa eingöngu tapað einum deildarleik í vetur. Liðið tapaði síðan í undanúrslitum

umspilsins gegn Herði frá Ísafirði um sæti í Olísdeildinni, 2-0. Meistaraflokkur kvenna endaði sömuleiðis í 2.sæti í Grill 66-deildinni og þegar þetta er skrifað er liðið í baráttu í umspilinu um sæti í Olísdeildinni á næsta leiktímabili.

Starf yngri flokka deildarinnar er í frábærum málum og hefur krökkum sem iðka handbolta hjá félaginu fjölgað mikið á seinustu mánuðum. Þegar þetta er skrifað eru iðkendur yngri flokka orðnir 401 talsins og hefur þeim fjölgað um 84% frá árinu 2020. Brýnustu verkefni næstu mánaða er að halda áfram þessum vexti en hlúa á sama tíma áfram vel að þessum frábæru iðkendum okkar og ekki síst þegar kemur á unglingsárin. Risabáttur í því samhengi er að gera litla salinn í íþróttahúsinu að æfingahæfum sal og þurfum við að fá bæjaryfirvöld með okkur í lið til þess. Í dag er hann í raun stórhættulegur sem gerir það að verkum að þjálfarar og leikmenn veigra sér að æfa í salnum. Handknattleiksdeild Gróttu hefur því eingöngu einn góðan æfingasal fyrir öll 59 liðin sem Gróttu tefir fram í Íslandsmóttinu, þar af þrjú meistaraflokkslið.

Stjórn handknattleiksdeildar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í starfinu fyrir ómetanlegar stundir á síðastliðnu ári.

Sjáumst í Hertz-höllinni!

Ólafur Finnbogason,
formaður handknattleiksdeildar



Ólafur Finnbogason

Starf yngri flokka

Það var mikið um að vera í starfa yngri flokkanna í handboltanum á árinu líkt og undanfarin ár. Skráðir iðkendur hjá félaginu í 3. – 9. flokki drengja og stúlkna fjölgaði og voru 401 þegar nýtt ár gekk í garð. Þessi fjölgun endurspeglar kraftinn og metnaðinn í starfi yngri flokka sem hefur verið áberandi undanfarin ár. Þessi fjöldi iðkenda gerir það að verkum að barna- og unglíngastarf Gróttu er eitt það fjölmennasta á landinu.

Guðmundur Árni Sigfússon var ráðinn í starf yfirþjálfara hjá deildinni í vor og sinnir því samhlíða Andra Sigfússyni. Það eru því tveir yfirþjálfarar við störf hjá deildinni enda fjölmörg verkefni hjá sístækkandi handboltastarfi. Gróttá hélt fjögur mót í mótarið HSÍ á árinu og gengu þau öll afar vel. Mikil ánægja var meðal foreldra og þjálfara sem mættu á staðinn þar sem mótin einkenndust af metnaði og góðri skipulagningu.

Þetta er fimmta árið sem 9. flokkur er starfandi og má segja að þessi ákvörðun hafi slegið í gegn frá fyrsta degi þar sem iðkendur á leikskólaaldri skemmta sér og læra grunnatriði handboltans í blandi við leiki og fjölbreytta hreyfingu. Iðkendur flokksins eru 35 talsins.

Gróttá er í samstarfi við KR í yngstu flokkum handboltans og hefur það samstarf gengið vel og standa vonir til að samstarfið eigi eftir að styrkjast enn frekar á komandi árum. Við fengum fleiri úthlutaða tíma til æfingar í íþróttahúsi Hagaskóla sem gerði það að verkum að við skiptum 7. og 8. flokki karla í tvo flokka. Sú ákvörðun féll vel í kramið enda fjölgaði iðkendum í flokkunum fljótlega. Á árinu var farið í átak til að fjölga iðkendum úr vesturbænum sem gekk afar vel, en mikil fjölgun hefur verið á iðkendum hjá vesturbæjarstarfinu.

Tvö lið frá Gróttu léku í bikarúrslitum á árinu 2025 en 6. flokkur kvenna eldri og 3. flokkur karla komust alla leið í úrslitaleik bikarkeppninnar og mættu feikisterkum andstæðingum. Strákarnir unnu gullið en því miður var silfur niðurstaðan hjá stelpunum. Bæði liðin léku vel gegn Val og geta verið ánægð með sína frammistöðu. Í mars 2026 var komið að bikarúrslitum að nýju og áttum við í Gróttu eitt lið en það var lið 6. flokks karla eldri. Strákarnir léku frábærlega og unnu gullið eftir sigur á Víkingum. Frábær frammistaða hjá öllum bikarúrslitaflokkunum okkar. Vorið 2025 varð 6. flokkur karla yngri Íslandsmeistari eftir frábæra spilamennsku á tímabilinu. 3. flokkur karla komst alla leið í úrslitaleikinn en tapaði í framlengingu og hlaut því silfurverðlaunin.

Það eru spennandi tímar á Nesinu um þessar mundir og framtíðin björt!

Þýskalandsferð 3. flokks

3. flokkur kvenna fór í sannkallaða draumaferð til Þýskalands um miðjan júní mánuð 2025. Stelpurnar dvöldu fyrstu dagana í Gummersbach þar sem þær æfðu og léku æfingaleiki við heimastúlkur. Gróttumaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson þjálfari Gummersbach aðstoðaði við skipulagningu á ferðinni og kom inn sem gestþjálfari.

Seinustu þrjú dagar ferðarinnar voru í Köln þar sem Final 4 í meistardeildinni fór fram í glæsilegri Lanxess-íþróttahöllinni. Þar sáu stelpurnar hverja stórstjórnuna á fætur annarri og að lokum Mageburg verða Evrópumeistara.

Ferðin mun án efa skilja eftir ótal minningar enda vel heppnuð ferð hjá stelpunum.

Partille Cup-ferð 4. og 5. flokks

8. júní 2025 kom þreyttur en sæll Gróttuhópur heim eftir vikuvöl í Gautaborg í Svíþjóð. 84 iðkendur og 16 þjálfarar og fararstjórar fóru fyrir hönd Gróttu á stærsta og flottasta handboltamót í heimi, Partille Cup. Gróttá tefldi fram 10 liðum sem öll lögðu allt í sölurnar í leikjum gegn nýjum andstæðingum. Mótið er það stærsta í heimi en rúmlega 20.000 keppendur frá öllum heimshornum taka þátt í mótinu.

Þó að leikirnir hafi verið aðalatriðið þá var margt annað gert. Krakkarnir fóru í Skara Sommarland vatnsrennibrautar- og skemmtigarð, horfðu á U19 ára landslið karla með Gróttumanninum Bessa Teitssyni innanborðs næla sér í silfur, fóru í verslunarleiðangra, fóru í GoKart, kíktu í Liseberg skemmtigarðinn, studdu önnur Gróttulið í sinni keppni og margt, margt annað.

Öll liðin okkar stóðu sig vel innan- sem utanvallar. Okkar krakkar fengu mikið hrós fyrir umgengni og framkomu. Öll liðin léku 5-6 leiki í riðlakeppninni og síðan 1-6 leiki í úrslitakeppninni. Fjögur okkar liða fóru í A-úrslit, eitt fór í B-úrslit og fimm fóru í C-úrslitin. Lengst náðu B13-1, B15-1 og G16 liðin okkar í A-úrslitum en þau komust í 32-liða úrslit. B14-1 gerði sér svo lítið fyrir og vann C-úrslitin.



Segja má að vikan hafi verið viðburðarík og skilur eftir ótal minningar hjá Gróttukrökkunum. Krakkarnir komu allir heim reynslunni ríkari og mættu sterk inn í handboltaveturinn sem hófst í ágúst.

Skýrsla stjórnar

Stjórn handknattleiksdeildar Gróttu árið 2025 samanstóð af Ólafi Finnbogasyni formanni, Þóri Jökli Finnbogasyni gjaldkera og meðstjórnendum Andra Guðmundssyni, Hörpu Guðfinnsdóttur og Kristbjörgu Heiði Olsen. Kristbjörg sagði sig úr stjórninni um mitt ár. Auk þessara sitja Arnar Þorkelsson, Arndís María Erlingsdóttir, Eva Björk Hlöðversdóttir, Hulda Björk Halldórsdóttir, Ólafur Sigurgeirsson og Sunna Stefánsdóttir í barna- og unglíngaráði deildarinnar.

Meistaraflokkar karla

Meistaraflokkur karla lék í efstu deild íslensks handknattleiks, Olísdeildinni tímabilið 2024-2025. Þjálfari liðsins var Róbert Gunnarsson og honum til aðstoðar var Davíð Örn Hlöðversson. Liðið lék vel fyrstu umferðirnar en eftir það seig á ógæfuhliðina. Liðið vann ekki deildarleik frá 3. október sem þýddi að liðið fór um umspil um áframhaldandi sæti í Olísdeildinni. Liðið vann Hörd í undanúrslitum en tapaði gegn Selfyssingum í úrslitaeinvíginu. Liðið féll því í Grill 66-deildina í fyrsta skipti í fimm ár. Sumarið 2025 urðu miklar breytingar á leikmannahópi liðsins auk þess sem breytingar urðu á þjálfarateymi liðsins. Róbert Gunnarsson þjálfari kvaddi liðið og Davíð Örn Hlöðversson tók við sem aðalþjálfari liðsins. Lárus Gunnarsson var ráðinn aðstoðarþjálfari liðsins. Af helstu breytingum á leikmannahópnum þá fór Ágúst Ingi Óskarsson til Aftureldingar, Elvar Otri Hjálmarsson til ÍR, Gunnar Dan Hlynsson til HK, Hafsteinn Óli Ramos Rocha lagði skóna á hilluna, Jakob Ingi Stefánsson til ÍBV, Jón Ómar Gíslason til Hauka og Magnús Gunnar Karlsson til Hauka en hann var á láni. Til Gróttu komu Andri Snær Sigmarsson frá ÍBV, Jóhann Gísli Jóhannesson kom til baka eftir hlé, Sigþór Gellir Michaelson frá ÍH, Tómas Bragi Lorriax Starrason frá Fjölni og Vilhjálmur Geir Hauksson kom til baka eftir hlé. Núna í vetur, tímabilið 2025-2026 endaði Gróttuliðið í 2. sæti Grill 66-deildarinnar eftir mikla spennu. Liðið endaði með 40 stig í deildinni, jafnmörg og Víkingur sem fór beint upp í Olísdeildina. Gróttá fór því í umspil um Olísdeildarsæti. Í undanúrslitum umspilsins tapaði Gróttá tvívegis gegn Herði frá Ísafirði og duttu út. Liðið leikur því



aftur í Grill 66-deildinni á næstu leiktíð. Leikir liðsins voru margir hverjir jafnir og spennandi. Nokkrir ungir leikmenn í öflugum yngri flokka starfi félagsins fengu tækifæri til að leika með meistaraflokki og stimplað sig vel inn í hópinn. Það er greinilegt að mikil gróska í yngri flokkum félagsins. Ljóst er að talsverðar breytingar verða á Gróttuliðinu fyrir næstu leiktíð og er það stjórnar og þjálfara að bíta í skjaldarrendur til að koma karlaliði Gróttu aftur á þann stall sem það á heim.

Meistaraflokkar kvenna

Meistaraflokkur kvenna lék í efstu deild kvenna, Olísdeildinni tímabilið 2024-2025. Júlíus Þórir Stefánsson tók við liðinu í nóvember 2025 og Davíð Örn Hlökkversson varð aðstoðarþjálfari um áramótin. Liðið féll því miður úr Olísdeildinni um vorið með hæsta stigafjölda sem lið sem fellur hefur haft í deildinni. Liðið spilaði því í Grill 66-deildinni tímabilið 2025 - 2026. Júlíus hélt áfram sem aðalþjálfari en um haustið tók Guðmundur Árni Sigfússon við af Davíð sem aðstoðarþjálfari og stýra því þessir uppöldu Gróttumenn kvennaliðinu. Guðmundur Árni stýrir einnig 3. flokk kvenna en allt kapp hefur verið lagt á góða tengingu milli kvennaliðsins og 3. flokks þar sem lykilleikmenn spila með báðum liðum. Kvennaliðið náði þeim árangri í mars að komast í undanúrslit í Powerade-bikarkeppni HSÍ í fyrsta skipti síðan 2016 þegar Gróttu varð einmitt Íslandsmeistari. Það má þó segja að seinni hluti síðasta tímabils hafi markað upphafið af nýrri stefnu með meistaraflokk kvenna en hún er að komast upp í deild þeirra bestu og festa liðið

svo í sessi í efri hluta þeirrar deildar, lið sem verður að mestu leyti skipað heimakonum. Það eru gríðarlega öflugir yngri kvennaflokkar í Gróttu og því spennandi að sjá fleiri ungar Gróttukonur stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki á næstu misserum.

Ungmennalið karla

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram í fimmta skiptið í röð ungmennaliði karla. Í ungmennaliði eru leikmenn gjaldgengir sem eru 23 ára og yngri. Markmiðið með ungmennaliði Gróttu er að gefa ungum leikmönnum félagsins tækifæri til að spila í meistaraflokki fyrr en ella. Leikmenn félagsins sem hafa ekki drauma til þess að verða afreksmenn í íþróttinni en vilja samt sem áður sinna áhugamálinu sínu geta áfram leikið undir merkjum Gróttu í ungmennaliði. Síðastliðið sumar varð breyting á reglugerð HSÍ um ungmennalið. Núna mega fleiri eldri leikmenn leika með en að sama skapi þröngir reglugerðin að leikmönnum sem leika lítið með meistaraflokki. Gróttuliðið hefur undanfarin ár leikið í 2.deild Íslandsmótsins en með því móti fá leikmenn í yngri flokkum félagsins fyrr tækifæri að leika með meistaraflokki og eru þá enn tilbúnari undir alvöruna með aðalliði félagsins þegar kallið kemur þangað. Strákarnir gerðu sér lítið fyrir og stóðu uppi sem sigurvegarar í 2.deildinni án þess að tapa leik. Það var þann 28.maí sem deildarmeistaratilinn fór á loft eftir stórsigur á Hvíta Riddaranum. Reynsla þessara ungra leikmanna hefur verið dýrmæt í vetur.



Fjárafilanir og rekstur

Á vormánuðum 2025 fór fram Herrakvöld Gróttu og í mars 2026 fór fram Kvinnakvöld Gróttu. Það eru stórar fjárafilanir fyrir deildina en bæði kvöldin voru unnin í samvinnu við knattspyrnudeildina. Kvöldin heppnuðust vel, bæði félagslega og einnig fjárhagslega. Á 17.júní var Handknattleiksdeild Gróttu með sölubás í Bakkagarði. Við alla þessa viðburði unnu leikmenn meistaraflokka og elstu yngri flokkarnir til að gera viðburðina og fjárafilanirnar að veruleika. Deildin er að leita eftir fleirum og stærri styrktaraðilum til að rekstur deildarinnar standi undir sér. Það er kostnaðarsamt að reka meistaraflokka í handknattleik og algjör grunnkostnaður svo sem ferðlög á leiki, dómgæslukostnaður, þátttökukostnaður, þjálfarakostnaður, sjúkrapjálfun leikmanna og fleira hefur hækkað mikið undanfarin ár.

Verðlaun

Á lokahófi handknattleiksdeildar Gróttu föstudaginn 21.maí komu leikmenn, þjálfarar, stjórn og sjálfbóðaliðar og fögnuðu góðu tímabili. Hófið fór fram í vallahúsi félagsins við Vivaldivöllinn. Á lokahófinu voru þeir leikmenn verðlaunaðir sem þóttu skara fram úr á tímabilinu. Hjá ungmennaliðinu var Sigurður Finnboogi Sæmundsson valinn mikilvægasti leikmaðurinn og Gísli Örn Alfreðsson valinn besti leikmaðurinn. Hjá meistaraflokki kvenna var Ída Margrét Stefánsdóttir valin mikilvægasti leikmaðurinn, Katrín Arna Andradóttir efnilegasti leikmaðurinn og Karlotta Óskarsdóttir besti

leikmaðurinn. Hjá meistaraflokki karla var Bessi Teitsson valinn efnilegasti leikmaðurinn, Antoine Óskar Pantano var valinn stríðsmaðurinn og Jakob Ingi Stefánsson valinn besti leikmaðurinn. Þeir leikmenn sem höfuð náð leikjaáföngum fengu verðlaun en þeir leikmenn sem eru komnir í 50 leikjahlúbb Gróttu eru: Antoine Óskar Pantano (63 leikir), Anna Karólína Ingadóttir (51 leikur), Ágúst Ingi Óskarsson (51 leikur), Edda Steingrimsdóttir (64 leikir), Elvar Otri Hjálmarsson (71 leikur), Gunnar Hrafn Pálsson (52 leikir), Jón Ómar Gíslason (52 leikir), Kári Kvaran (51 leikur) og Þóra María Sigurjónsdóttir (52 leikir). Þeir leikmenn sem eru komnir í 100 leikjahlúbb Gróttu eru: Katrín Anna Ásmundsdóttir (122 leikir) og Lilja Hrund Stefánsdóttir (107 leikir). Gróttu óskum þessum verðlaunahöfum til hamingju.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Gróttu fyrir árið 2025 fór fram í byrjun mars 2026. Frá handknattleiksdeild voru Antoine Óskar Pantano og Ída Margrét Stefánsdóttir tilnefnd. Bæði áttu þau frábært ár fyrir Gróttu. Bæði Antoine Óskar og Ída Margrét voru að lokum valin íþróttamaður og íþróttakonu Gróttu en það er í fyrsta skipti sem handknattleiksfolk hlýtur bæði verðlaunin. Antoine Óskar er 10. handknattleiksmaðurinn í Gróttu sem hlýtur titilinn og Ída Margrét 7. handknattleikskonan í sögu Gróttu. Helgi Skírniir Magnússon og Þröstur Blær Guðmundsson voru tilnefndir til íþróttamanns æskunnar. Edda Sigurðardóttir og Kristín Fríða Scheving voru tilnefndar til íþróttakonu æskunnar og var Kristín Fríða



hlutskörpust og hlaut nafnbótina íþróttakona æskunnar. Andri Sigfússon var tilnefndur til þjálfara ársins og hjónin Bernódus Sveinsson og Kristín Björg Svövdóttir voru valdir sjálfboðaliðar Handknattleiksdeildar Gróttu. Að auki fengu Hannes Pétur Hauksson, Sylvía Sigrún Eðvarðsdóttir og Soffía Helen Sölvadóttir verðlaun fyrir að hafa leikið í fyrsta skipti fyrir Íslands hönd með yngri landsliðum Íslands.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Seltjarnarness fór fram í byrjun febrúar. Gunnar Hrafn Pálsson og Katrín Helga Sigurbergisdóttir voru tilnefnd frá handknattleiksdeild Gróttu en hlutu því miður ekki verðlaunin að þessu sinni. Kristján Ólafur Gíslason, Sigrún María Eiríksdóttir, Steinunn Sigurðardóttir og Tómas Kristjánsson voru útnefnt ungt og efnileg íþróttafólk á Seltjarnarnesi. Að auki fengu Katrín Anna Ásmundsdóttir, Antoine Óskar Pantano, Bessi Teitsson, Hannes Pétur Hauksson, Soffía Helen Sölvadóttir og Sylvía Sigrún Eðvarðsdóttir verðlaun fyrir að hafa leikið fyrir Íslands hönd á árinu 2025. Tvö lið Gróttu unnu til verðlauna á árinu en 3.flokkur karla varð bikarmeistari og 6.flokkur karla yngri varð Íslandsmeistari. Báðir flokkarnir fengu verðlaun á hátíðinni.



Landsliðsfólk

Fjölmargir iðkendur Gróttu voru valdir í landsliðsverkefni, hæfileikamótun og handboltaskóla á vegum HSÍ á árinu 2025. Hæst ber að nefna Bessa Teitsson sem var valinn í U19 ára landsliðið sem fór á Opna Evrópumótið

í Gautaborg í júní og júlí og síðan á HM í Egyptalandi í júlí og ágúst. Liðið fékk silfurverðlaunin á Opna Evrópumóttinu og segja má að hann hafi hafi átt frábært mót líkt og íslenska liðið. Liðið tapaði með minnsta mun gegn Spánverjum í úrslitaleik að viðstöddum 2300 áhorfendum í Scandinavium höllinni í Gautaborg. Að móti loknu var Bessi valinn í úrvalslið mótsins en hann skoraði 19 mörk í mótinu. Á HM í Egyptalandi endaði Ísland í 6.sæti á HM og lék okkar maður Bessi stórt hlutverk með liðinu með 24 skorðu mörk. Í október lék Bessi auk Antoine Óskars Pantano og Hannesar



Péturs Haukssonar vináttulandsleiki gegn A-landsliði Grænlands. Soffía Helen Sölvadóttir og Sylvía Sigrún Eðvarðsdóttir léku vináttulandsleiki með U15 ára landsliði Íslands gegn Færeyjum í nóvember. Gróttukonan Katrín Anna Ásmundsdóttir sem skipti yfir í Fram síðastliðið sumar lék í lokakeppni EM í lok árs 2024 þar sem árangurinn var sá besti frá upphafi. Þar endaði liðið í 16.sæti og gaman að okkar kona, Katrín Anna hafi átt þátt í því. Katrín Anna er fyrsti leikmaður Gróttu sem leikur á stórmóti meðan hún er liðsmaður félagsins.

Aðstöðumál

Mikil fjölgun og mikill drifkraftur er í starfi handknattleiksdeildar þessi misserin. Flokkarnir stækka og keppnisflokkum fjölga. Stóri keppnissalurinn í íþróttahúsinu er mjög góður æfinga- og keppnissalur en hann er því miður ekki nóg. Undanfarna áratugi hefur deildin einnig nýtt litla salinn til æfinga en ástand hans er í dag, og hefur verið undanfarin ár, óboðlegt börnum og ungmennum. Fjölgun iðkenda okkar gerir það hins vegar að verkum að við verðum að fullnýta hann til æfinga. Gólfdukur salarins er kominn mjög til ára sinna, er mjög sleipur og hentar því afar illa til handknattleiksíðkunar. Allar æfingar sem snúa að snerpu og stefnubreytingum geta því ekki farið fram í salnum og við sem félag ekki tryggt öryggi iðkenda okkar. Þá lekur þak salarins, loftgæðin eru afar slæm og hefur heilbrigðiseftirlitið gert margítrekaðar athugasemdir og frávikagreiningar á ástandi salarins sem ekki hefur verið sinnt. Ástand og stærð salarins gerir það að verkum að meistaraflokkar félaganna geta alls ekki æft þar.

Markmið barna- og unglíngastarfs Gróttu er mjög skýrt, við viljum minnka brottfall iðkenda okkar og fjölga í deildinni. Ástand salarins hindrar það að við náum því markmiði okkar. Nú þegar hefur bæjarstjórn samþykkt allsherjar lagfæringar á litla sal, þar með talið þak og gólfefni, sem er fagnaðarefni. Við teljum hins vegar mjög mikilvægt að farið verði í það samhlíða að stækka teigana í salnum þannig að þeir verði í löglegri stærð. Það er hægt að gera með því að fjarlægja hluta, eða alla, stúkuna sem nú þegar er ekkert nýtt.

Ástæðan fyrir þessu er sú, eins og áður hefur komið fram, að markmið handknattleiksdeildar eru mjög skýr þegar kemur að því að fjölga iðkendum við deildina og lágmarka brottfall. Til þess að það sé hægt þurfum við betri aðstöðu, bæði fyrir yngri flokkana, og svo að meistaraflokkar félagsins geti æft í litla sal sem þá gefur yngri iðkendum meiri tíma í stóra salnum. Stóri salurinn er eini salurinn okkar í löglegri lengd. Þá teljum við mikilvægt að sett sé parket á gólflið í litla sal.

Ef horft er á stóru myndina þá er litli salurinn notaður í meira en bara æfingar hjá handknattleiksdeild Gróttu. Salurinn er einnig notaður fyrir íþróttakennslu og fyrir útleigu á kvöldin og um helgar. Litli salurinn verður mun áhugaverðari til útleigu ef það yrði sett parket á gólflið og hann yrði stækkaður, þetta myndi skila félaginu meiri tekjum.

Næstu verkefni og áskoranir handknattleiksdeildar Gróttu eru að halda áfram að fjölga iðkendum í yngri flokkunum. Nokkrir árgangar í elstu flokkunum eru fámennir og vonandi mun tíminn hjálpa okkur að stoppa í þau göt. Á sama tíma er mikilvægt að viðhalda og bæta í gæði þjálfunar og þjálfara hjá deildinni. Það er mikilvægt að halda vel undan um þá styrktaraðila sem styrkja deildina og fjölga þeim. Seltjarnarnesbær er öflugasti styrktaraðili deildarinnar og færum við þeim bestu þakki. Að lokum viljum við þakka ÍTS, styrktaraðilum fyrir öflugan stuðning við deildina. Starfsmönnum skrifstofu Gróttu og íþróttahússins, og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu okkur lið þökkum við ómetanlega hjálp.



Mannauður

Stjórn

Ólafur Finnbogason - formaður
Andri Guðmundsson
Harpa Guðfinnsdóttir
ÞórirJökull Finnbogason

Stjórn barna- og unglingaráðs

Hulda Björk Halldórsdóttir Eva Björk Hlökkversdóttir
Arnar Þorkelsson Ólafur Sigurgeirsson
Arndís María Erlingsdóttir Sunna Stefánsdóttir

Þjálfarar árið 2025-2026

Meistaraflokkur kvenna		Starfsaldur (ár) há Gróttu
Aðalþjálfari	Júlíus Þórir Stefánsson	2
Aðstoðarþjálfari	Guðmundur Árni Sigfússon	23
Markmannsþjálfari	Íris Björk Símonardóttir	5
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	11
Sjúkraþjálfari	Aron Óskar Þorleifsson	2
Liðsstjóri	Katrín Viðarsdóttir	2

Meistaraflokkur karla		Starfsaldur (ár) há Gróttu
Aðalþjálfari	Davíð Örn Hlökkversson	21
Aðstoðarþjálfari	Lárus Gunnarsson	9
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	11
Sjúkraþjálfari	Stefán Arnar Einarsson	3
Læknir	Sigurður Benediktsson	4

Ungmennalið karla

Starfsaldur (ár)
há Gróttu

Aðalþjálfari Andri Sigfússon 18
Aðstoðarþjálfari Hannes Grimm 10

Yngri flokkar	Þjálfari	Menntun	Starfsaldur (ár) há Gróttu
3.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttfræðingur	19
3.fl. kvenna	Guðmundur Árni Sigfússon	Lagerstjóri hjá Dan-inn ehf	23
4.fl. karla	Hannes Grimm	Háskólanemi	11
4.fl. kvenna	Patrekur Pétursson Sanko	Menntaskólanemi	8
4.fl. kvenna	Eva Björk Hlökkversdóttir	B.Sc. í Uppeldis-og menntunarfræðum	6
5.fl. karla	Kristján Geir Þorsteinsson	B.Sc. Íþróttfræðingur	6
5.fl. karla	Antonie Óskar Pantano	Háskólanemi	5
5.fl. kvenna	Ari Pétur Eiríksson	Háskólanemi	7
6.fl. karla	Hannes Grimm	Háskólanemi	11
6.fl. kvenna	Fríða Arnarsdóttir	Þjónustufulltrúi	1
7.fl. karla	Kristján Geir Þorsteinsson	B.Sc. Íþróttfræðingur	5
7.fl. karla Gróttu/KR	Antoine Óskar Pantano	Háskólanemi	5
7.fl. kvenna	Ari Pétur Eiríksson	Háskólanemi	7
7.fl. kvenna Gróttu/KR	Sverrir Arnar Hjaltason	Menntaskólanemi	1
8.fl. karla	Kristján Geir Þorsteinsson	B.Sc. Íþróttfræðingur	6
8.fl. karla Gróttu/KR	Antoine Óskar Pantano	Háskólanemi	5
8.fl. kvenna	Ægir Steinarsson	B.Sc. Íþróttfræðingur	11
8.fl. kvenna Gróttu/KR	Sverrir Arnar Hjaltason	Menntaskólanemi	1
9.flokkur	Arndís María Erlingsdóttir	B.Ed. Grunnskólakennarafræði	16
9.flokkur	Eva Björk Hlökkversdóttir	B.Sc. í Uppeldis-og menntunarfræðum	6
Markmannsþjálfun	Hannes Pétur Hauksson	Háskólanemi	1
Markmannsþjálfun	Þórður Magnús Árnason	Háskólanemi	2
Styrktarþjálfun	Ægir Steinarsson	B.Sc. Íþróttfræðingur	11
Afreksæfingar	Hannes Grimm	Háskólanemi	11

Aðstoðarþjálfarar

Aðalheiður Elma Andradóttir 7.fl. kvenna
Andri Hafstein 7.og 8.fl. karla
Anna Margrét Alfreðsdóttir 9.flokkur
Ari Pétur Eiríksson 3.fl. karla
Arna Katrín Viggósdóttir 6. og 8.fl. kvenna
Arnar Bernóðusson 8.fl. karla

Aron Bjarki Arnarsson	9.flokkur
Bessi Teitsson	6. og 7.fl. karla og 6.fl. kvenna
Elísabet Ása Einarsdóttir	5.fl. kvenna
Fríða Arnarsdóttir	5.fl. kvenna
Gísli Örn Alfreðsson	4.fl. karla
Hallgrímur Orri Kristjánsson	7. og 8.fl. karla
Kári Benediktsson	7. og 8.fl. karla
Kristján Ólafur Gíslason	6. og 8.fl. karla
Linda Róberts Róbertsdóttir	8.fl. kvenna
Melkorka María Geirsdóttir	9.flokkur
Nína Vala Ásgeirsdóttir	7.fl. kvenna og 9.flokkur
Oliver Örtenblad Bergmann	6.fl. karla
Óskar Gunnar Styrmisson	7.fl. karla og 9.flokkur
Patrekur Pétursson Sanko	3.fl. kvenna
Sigrún María Eiríksdóttir	7.fl. kvenna
Sigurvín ElíJónsson	7.fl. karla og 7.fl. kvenna
Soffía Helen Sölvadóttir	7. og 8.fl. kvenna
Steinunn Sigurðardóttir	7.fl. kvenna
Sverrir Arnar Hjaltason	7. og 8.fl. karla
Sylvía Sigrún Eðvarðsdóttir	6.fl. kvenna
Theodór Emil Kárason	7.fl. karla
Tómas Kristjánsson	7.fl. karla
Þórður Magnús Árnason	7. og 8.fl. karla
Þorgerður Anna Grímsdóttir	7. og 8.fl. kvenna

Starfsmenn

Yfirþjálfari	Andri Sigfússon
Yfirþjálfari	Guðmundur Árni Sigfússon





Skýrsla fimleikadeildar Gróttu


Ávarp formanns

Á handahlaupum inn í framtíðina

Í ár fagnaði Fimleikadeild Gróttu 40 ára starfsafmæli og af því tilefni er mikilvægt að líta um öxl og minnst þeirra brautryðjenda sem lögðu grunninn að þeirri öfluglu starfsemi sem deildin stendur fyrir í dag.

Fimleikadeildin var stofnuð árið 1985 af Hildigunni Gunnarsdóttur og Gunnari Lúðvíkssyni. Með stórhug, seiglu og brennandi áhuga á fimleikum tókst þeim að byggja upp blómlega deild við fremur krefjandi aðstæður. Fyrstu árin var húsakostur takmarkaður og æfingaáhöld einföld - samansett af dýnum, hesti og heimasmiðuðum slám - en metnaðurinn var engu að síður mikill.

Stækkun deildarinnar var hröð. Árið 1989 voru um 200 iðkendur skráðir til leiks og þjálfarar orðnir 14 talsins. Sama ár var nýtt íþróttahús tekið í notkun á Seltjarnarnesi, með fimleikagryfju, þeirri fyrstu sinnar tegundar á Íslandi, sem markaði sannkölluð tímamót í íslensku fimleikabjálfun. Árið 1993 veitti bæjarstjórn Seltjarnarness styrk til kaupa á fimleikagólf og tók deildin jafnframt við umráðum yfir skemmu í hinu sögufræga Ísbjarnarhúsi sem jók æfingamöguleika til muna. Frekari endurbætur voru gerðar árið 1999 þegar sérstakur fimleikasalur var tekinn í notkun. Stærsta framfaraskrefið kom þó árið 2019, þegar fimleikadeildin fékk stærra hús með þeirri frábæru aðstöðu sem hún nýtur í dag. Með henni hefur deildin getað tekið á móti mun fleiri iðkendum og sérstaklega hefur verið ánægjulegt að fylgjast með ört vaxandi starfi hóp fimleika. Það er einnig gaman að greina frá því að í dag eru fimleikar fjölmennasta innanhúsiþrótt á landinu og næststærsta kvennagreinin innan Íþróttasambands Íslands (ÍSí).



Tinna Molphy, formáður

Fjölmennasta deild Gróttu

Í dag æfa um 650 iðkendur hjá fimleikadeildinni, á breiðu aldursbili, allt frá eins árs börnum og fram eftir aldri. Það er því óhætt að fullyrða að deildin gegni lykilhlutverki í eflingu lýðheilsu og forvarna í samfélaginu. Starfsemin skiptist í fjórar undirdeildir: stubbafimi, grunnhópa, áhaldafimleika og hóp fimleika. Jafnframt býður deildin upp á vinsæl námskeið í fullorðinsfimleikum, auk sumarnámskeiða sem notið hafa mikilla vinsælda. Þar starfa bæði reynslumiklir þjálfarar og metnaðarfullir iðkendur sem þekkja fimleikastarfið út og inn.

Við erum ákaflega stolt af þeim árangri sem fimleikafólk Gróttu hefur náð á árinu og verður nánar greint frá honum hér á eftir. Þó er vert að undirstrika að mælikvarði árangurs felst ekki einungis í verðlaunum, titlum eða fjölgun iðkenda. Hinn raunverulegi árangur birtist ekki síst í glöðum börnum með aukið sjálfstraust, hugrekki og jákvætt hugarfar sem nýtist þeim langt fram á lífið. Þar skipta fyrirmyndir öllu máli, og erum við afar heppin að búa að frábæru og reynslumiklu þjálfarateymi með mikinn metnað fyrir starfinu.

Fyrirmyndir í fimleikasalnum

Mannauður fimleikadeildarinnar er mikill styrkur hennar. Hjá deildinni starfa tæplega 70 þjálfarar á breiðu aldurs- og reynslusviði. Fyrir marga unga aðstoðarþjálfara er Gróttu fyrsti vinnustaðurinn og því afar mikilvægt að þar sé lagður traustur grunnur að góðum vinnubrögðum og starfsanda. Þannig byggjum við upp fyrirmyndir framtíðarinnar.

Síðustu ár hafa markað mikinn umbreytingatíma hjá deildinni. Unnið hefur verið markvisst að endurskoðun starfseminnar með það að markmiði að bæta skipulag, hagræða í rekstri og treysta fjárhagslegan grundvöll deildarinnar. Þetta góða starf hefur staðið yfir síðustu tvö ár og mun halda áfram á komandi árum.

Það voru afar ánægjulegar fréttir þegar Ólöf Línberg Kristjánsdóttir tók á ný við starfi framkvæmdastjóra Fimleikadeildar Gróttu í lok árs 2025. Ólöf er sannarlega mikill hvalreki fyrir deildina en hún gegndi áður stöðunni yfir 7 ára tímabil og þekkir starfsemina í Gróttu einstaklega vel. Ólöf er menntaður íþróttfræðingur og hefur undanfarin ár starfað sem vinsæll og vel metinn þjálfari yngri hópa hjá Fimleikadeildinni. Eftir að Guðrún Stefánsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri í vor fékk deildin tímabundið til liðsinnis við sig þær Ágústu Eddu Björnsdóttur og Fanney Hauksdóttur, reynslumikla verkefnastjóra og auðvitað miklar afrekskonur í íþróttum. Við þökkum þeim öllum kærlega fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar og óskum þeim velfarnaðar í sínum næstu verkefnum.

Framkvæmdastjóra til halds og trausts eru yfirþjálfararnir Vala Thoroddsen fyrir grunnhópa, Bjarni Geir Halldórsson fyrir áhaldafimleika og Tómas Bekkavik fyrir hóp fimleika. Þetta er öflugt teymi leiðtoga sem hefur verið náið tengt deildinni um árabil og unnið þar frábært starf sem eftir er tekið. Á uppskeruhátíð Fimleikasambands Íslands hlaut Vala verðskuldaða viðurkenningu sem Leiðtogi ársins 2025 og var jafnframt valin þjálfari ársins 2025 hjá Gróttu. Þá var Tómas Bekkavik ráðinn landsliðsþjálfari á stökkáhöldum hjá drengjalandsliði Íslands fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum 2026. Við hlökkum til að fylgjast með þessu sterka teymi vaxa og dafna sem leiðtogar í fimleikasalnum.



Frá vinstri: Vala, Bjarni og Bergdís

Víðtæk reynsla úr fimleikaheiminum

Fimleikadeildin býr yfir sterkum kjarna reynslumikilla innlendra þjálfara sem hafa starfað við deildina um árabil, sumir hverjir í áratugi og þar ber að nefna Axel Bragason og Gabriella Palkovics Belányiné. Það hefur einnig reynst fimleikadeildinni afar vel að ráða til sín erlenda þjálfara, sem hafa verið mikil viðbót við sterka liðsheild félagsins. Á árinu komu til starfa nýir erlendir þjálfarar, Camilla Magnusson frá Svíþjóð og Vebjørn Thorsen frá Noregi, sem bæði búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu á sviði hóp fimleika. Þá var það okkur einnig mikill fengur að Elsa Garcia frá Mexíkó og Gemma McCormick frá Írlandi, þjálfarar hjá áhaldadeild, framlengdu dvöl sína hér á landi.



Áfram og upp

Við getum verið afar stolt af því öflugra fimleikastarfi sem byggt hefur verið upp hér á Seltjarnarnesi síðustu 40 ár. Jafnframt erum við þakklát þeim brautryðjendum sem hófu þessa vegferð, vegferð sem hefur leitt til þess að fimleikadeildin er í dag fjölmennasta undirdeild Gróttu, með jákvæð áhrif á lýðheilsu fjölskyldna og nærsamfélaga yfir 650 iðkenda. Fyrir hönd stjórnar vil ég færa starfsfólki deildarinnar, iðkendum og aðstandendum þeirra innilegar þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári. Sérstakar þakkir fá einnig brautryðjendur og sjálfbóðaliðar sem hafa með ómetanlegu framlagi sínu byggt upp og stutt við fimleikadeild Gróttu í fjóra áratugi. Fjórðfalt húrta fyrir ykkur og áfram Gróttu!

Fyrir hönd stjórnar,
Tinna Molphy
Formaður Fimleikadeildar

40 ára afmæli fimleikadeildarinnar

Laugardaginn 15. nóvember var fyrirverandi stjórnarfélagi, þjálfurum, iðkendum, sjálfbóðaliðum og öðrum sem komið hafa að starfi fimleikadeildarinnar undanfarna fjóra áratugi boðið að fagna 40 ára afmæli deildarinnar. Fjörutíu ár eru mikilvæg tímamót og því var vel við hæfi að halda upp á áfangann með því góða fólki brautryðjenda og sjálfbóðaliða sem lagt hefur sitt af mörkum til deildarinnar í gegnum tíðina.

Kvöldið var einstaklega ánægjulegt, fullt af hlýjum og hvetjandi ræðum, góðum félagsskap og ljúffengum veitingum. Deildin vill þakka öllum kærlega fyrir komuna og færa afmælisnefnd sérstakar þakkir fyrir frábæra skipulagningu.



Mannauður

Stjórn fimleikadeildarinnar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Tinna Molphy	Formaður	Viðskiptafræðingur	2
Harpa Hlíf Barðardóttir	Varaformaður	Hjúkrunarfræðingur	25
Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir	Gjaldkeri	Liffræðingur	2
Tinna Traustadóttir	Ritari	Lögreglumaður	20
Birna Friðgeirsdóttir	Meðstjórnandi	Grunnskólakennari	2
Bylgja Ýr Tryggvadóttir	Meðstjórnandi	Deildarstjóri	2
Guðni Steinarsson	Meðstjórnandi	Verkfræðingur	2
Margrét Hauksdóttir	Varamaður	Sálfræðingur	5

Þjálfarar	Titill	Hópar	Starfsaldur (ár) há Gróttu
Arna Geirsdóttir	Þjálfari	A1	7
Arndís María Erlingsdóttir	Þjálfari	Stubbafimi	3
Auður Guðjónsdóttir	Þjálfari	6. þrep 2015-2017	5
Axel Bragason	Þjálfari	Frjálsar, 2. þrep	9
Áshildur Arnarsdóttir	Þjálfari	A2, A3	3
Bergdís Katla Birgisdóttir	Þjálfari	Stubbafimi	7
Bjarni Geir Halldórsson	Yfirþjálfari	5. þrep yngri, 5. þrep eldri	13
Björn Björnsson	Þjálfari	KK flokkur	2
Bríet Bjarnadóttir	Þjálfari	2. flokkur, 1. flokkur	8
Camilla Sofie Magnusson	Þjálfari	B2, B3, 6. þrep yngri, 6. þrep 2015-2017, 5. flokkur, 4. flokkur og 3. flokkur	1
Elsa Garcia	Þjálfari	C1, C2, 3. þrep eldri	2
Freyja Geirsdóttir	Þjálfari	B4	4
Gabriella Palkovics Belányiné	Þjálfari	Frjálsar, 2. þrep	28
Gemma Louise McCormick	Þjálfari	B1, C1, C2, 3. þrep eldri	2
Guðlaugur Jón Arnason	Þjálfari	Fullorðinsfímleikar	2
Guðrún Bjarnadóttir	Þjálfari	Stubbafimi	2
Guðrún Stefánsdóttir	Þjálfari	C2, S6	3
Halla Steingrímsdóttir	Þjálfari	2. flokkur, 1. flokkur	6
Helga Heiðdís Sölvadóttir	Þjálfari	Stubbafimi	1
Helena Sólrun Oddsdóttir Holt	Þjálfari	S2, S5	7
Hildur Arnaldsdóttir	Þjálfari	C3	8
Hildur Jónsdóttir Norðfjörð	Þjálfari	A2, A3	6
Hildur Þurí Indriðadóttir	Þjálfari	5. þrep eldri, 3. flokkur	4
Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir	Þjálfari	5. þrep yngri	8
Lísbet Freyja	Þjálfari	4. flokkur, 3. flokkur	3
Maia Strømsrud Lutnæs	Þjálfari	5. flokkur	1
María Ólafía Þormar	Þjálfari	A4, A5	3
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir	Þjálfari	B1, C1, B2, B3, Stubbafimi	12
Salka Sigmundsdóttir	Þjálfari	6. þrep yngri	7
Sara Gunnlaugsdóttir	Þjálfari	3. þrep yngri	6
Selma Katrín Ragnarsdóttir	Þjálfari	A1, 2. flokkur/1. flokkur	8
Sigríður Harðardóttir	Yfirþjálfari	Stubbafimi	1
Sigríður Þóra Kristinsdóttir	Þjálfari	Stubbafimi	2
Tanja Rut Rúnarsdóttir	Þjálfari	A1	1
Tomas Enrique Bekkavik	Yfirþjálfari	5. flokkur, 3. Flokkur, 2. flokkur, 1. flokkur, Meistaraflokkur	4
Vala Thoroddsen	Yfirþjálfari	S1, S4	8
Vebjörn Thorsen	Þjálfari	S1, S4, 5. flokkur, 4. flokkur, 3. flokkur, 2. flokkur, 1. Flokkur, KK	1

Iðkendumur

Iðkendumur í Fímleikadeildinni voru 651 talsins árið 2025. Þessi fjöldi iðkenda skiptist á fjórar undirdeildir, þ.e. 105 iðkendumur í hópfímleikum, 261 iðkendumur í grunnhópum, 59 iðkendumur í áhaldadeild og 212 iðkendumur í stubbafimi. Einnig hefur verið boðið upp á sértæk námskeið í fímleikum fyrir fullorðna sem hafa notið vinsælda.

Nafn/flokkur	Tegud	Fjöldi	Kyn	Fæðingarár
Meistaraflokkur	Hópfímleikar	7	kvk	2007+
Meistaraflokkur	Hópfímleikar	7	kvk	2003 - 2007
2.flokkur / 1.flokkur	Hópfímleikar	19	kvk	2008 - 2012
3. flokkur	Hópfímleikar	24	kvk	2013 - 2014
4. flokkur	Hópfímleikar	25	kvk	2015 - 2016
5. flokkur	Hópfímleikar	16	kvk	2017
KK flokkur	Hópfímleikar	14	kk	2012 - 2016
A1	Grunnhópur	22	kvk/kk	2020
A2	Grunnhópur	13	kvk	2020
A3	Grunnhópur	13	kvk	2020
A4	Grunnhópur	13	kvk	2020
A5	Grunnhópur	13	kvk	2020
B1	Grunnhópur	31	kvk	2019
B2	Grunnhópur	29	kvk	2019
B3	Grunnhópur	29	kvk	2019
C1	Grunnhópur	25	kvk	2018
C2	Grunnhópur	22	kvk	2018
C3	Grunnhópur	10	kvk	2018
S1	Grunnhópur	7	kk	2017
S2	Grunnhópur	8	kk	2018
S4	Grunnhópur	6	kk	2019
S5	Grunnhópur	7	kk	2019
S6	Grunnhópur	13	kk	2020
Frjálsar/2. þrep	Áhaldafímleikar	6	kvk	2010 - 2015
3. þrep eldri	Áhaldafímleikar	10	kvk	2010 - 2012
3. þrep yngri	Áhaldafímleikar	9	kvk	2013 - 2015
5. þrep eldri	Áhaldafímleikar	8	kvk	2014 - 2015
5. þrep yngri	Áhaldafímleikar	10	kvk	2016 - 2017
6. þrep 2015-2017	Áhaldafímleikar	8	kvk	2016
6. þrep yngri	Áhaldafímleikar	8	kvk	2017
Fullorðinsfímleikar	Fullorðinsfímleikar	15	kvk-kk	1979 - 2004
1 árs	Stubbafimi	26	kvk-kk	2024
2 ára	Stubbafimi	35	kvk-kk	2023
3 ára	Stubbafimi	75	kvk-kk	2022
4 ára	Stubbafimi	76	kvk-kk	2021

Almennt um deildina

Fimleikadeild Gróttu samanstendur af 651 iðkendum sem skiptast í 16 grunnhópa, 6 hópa í hóp fimleikum, 7 framhaldshópum í áhaldafimleikum og 6 stubbafimihópum. Deildin hefur einnig boðið upp á krílafimi fyrir yngstu börnin og námskeið í fullorðinsfimleikum. Stubbafimi er ætluð yngstu iðkendum deildarinnar, börnum fæddum 2021–2024. Grunnhópar eru ætlaðir börnum fæddum 2020–2018. Meginmarkmið stubbafimi og grunnhópa er að kenna undirstöðuatriði fimleika og skapa áhuga á íþróttinni. Að loknum grunnhópum geta iðkendur valið á milli áhaldafimleika og hóp fimleika. Fimleikadeildin hefur einnig haldið úti afar vinsælum sumarnámskeiðum. Þar hefst dagurinn á æfingum í fimleikasal og eftir hádegi er áhersla á annan leik, föndur og listir og farið í ævintýraferðir í nærsamfélaginu.



Árangur ársins 2025

Áhaldafimleikar

Ofurhetjumót 7.-9. mars

Gróttu hélt sitt árlega Ofurhetjumót í fimleikum en þar var keppt í 3.-6. þrepi íslenska fimleikastigans og Gróttu átti marga iðkendur á verðlaunapalli. Alls voru um 300 keppendur á þessu líflega vinamóti frá fjölmörgum félögum hér á höfuðborgarsvæðinu. Á föstudeginum var innanfélagsmót hjá iðkendum okkar hjá Gróttu sem eru í 3. þrepi. Á laugardeginum og sunnudeginum var síðan keppt í 4. þrepi og 5. þrepi og tóku félögin Björk, Fylkir, Fjölínir og Ármann þátt. Ofurhetjumótið er í samstarfi Gróttu og Colgate og hefur svo sannarlega sett skemmtilegan svip á fimleikaárið þar sem ofurhetjur framtíðarinnar taka sín fyrstu keppnisspor.

Prepamót 15. febrúar

Prepamót í 1.-3. þrepi fór fram helgina 15.-16. febrúar og átti Gróttu keppendur í 3. og 2. þrepi. Í flokknum 3. þrep 12 ára lenti Hugu Anna Guðnadóttir í 3. sæti á stökki. Í flokknum 3. þrep 11 ára og yngri lenti Mjöll Jónsdóttir í þriðja sæti í fjölþraut ásamt því að fá gull á tvíslá. Þá lenti Sigurrós Ylfa Rúnarsdóttir í þriðja sæti á gólfi og á slá. Í flokknum 3. þrep 13 ára og eldri varð Hrefna Höskuldsdóttir í fyrsta sæti á stökki og Sunna Mist Sheehan var í fyrsta sæti á tvíslá.



Bikarmót 21.-23. mars

Bikarmót 21.-23. mars 2025 í áhaldafimleikum og hóp fimleikum var haldið í fimleikahúsi Fjölnis í Egilshöll. Bikarlið

Gróttu vann bikarmeistaratitil í 3. þrepi A-deildar í áhaldafimleikum sem er stórgóður og glæsilegur árangur. Í bikarliðinu voru þær Fanney Petrea L. Arnórsdóttir, Mjöll Jónsdóttir, Sigríður Lára Indriðadóttir, Sigurrós Ylfa Rúnarsdóttir, Sunna Mist Sheehan og Þuríður Katrín Kristinsdóttir. Bikarlið Gróttu í 3. þrepi B-deildar lenti í öðru sæti í liðakeppni sem er frábær árangur. Bikarliðið samanstóð af Guðrúnu Jakóbínu Eiríksdóttur, Heklu Karlsdóttur, Hrefnu Höskuldsdóttur, Magneu Margréti Þorsteinsdóttur, Margréti Helgu Geirsdóttur, Mirru Kjartansdóttur og Sigurlaugu Margréti Pétursdóttur. Í 2. þrepi keppti Hildur Monika Einarsdóttir sem gestur og stóð sig vel. Eldey Erla Hauksdóttir keppti líka sem gestur í frjálsum æfingum með glæsibrag.



Úrvalshópur unglunga í áhaldafimleikum kvenna

Eldey Erla Hauksdóttir var valin í úrvalshóp í áhaldafimleikum unglunga í apríl 2025 og tók þátt í sameiginlegum æfingum með úrvalshópnum.

Íslandsmót 27. apríl

Fanney Petrea Arnórsdóttir og Sigríður Lára Indriðadóttir kepptu báðar á Íslandsmóti í 3. þrepi í áhaldafimleikum. Þær kepptu báðar í flokknum 3. þrep 11 ára og yngri og varð Fanney í öðru sæti og Sigríður Lára í fimmta sæti í fjölþraut.



Mínvervumót 2.-3. maí

Í 3. þrepi lenti Margrét Helga Geirsdóttir í þriðja sæti í fjölþraut og í öðru sæti á slá. Sunna Mist Sheehan sigraði bæði á slá og tvíslá, en báðar keppa þær í flokki iðkenda fæddum 2011-2012. Sigurrós Ylfa Rúnarsdóttir stóð efst á palli bæði á gólfi og slá og hafnaði í fjórða sæti í fjölþraut fyrir keppendur fædda 2013-2015. Í 4. þrepi lenti Elsa Finnsdóttir í öðru sæti í fjölþraut fyrir árgerðina 2015, Katrín Birna Guðmundsdóttir varð í áttunda sæti og Saga Ingvarsdóttir í því níunda í fjölþraut. Í 5. þrepi kepptu alls 11 iðkendur frá Gróttu og 13 keppendur tóku þátt í 4. þrepi.

Vormót 16. maí

Vormótið í áhaldafimleikum fór fram um helgina 16.-18. maí og þar keppti Eldey Erla Hauksdóttir í unglíngaflokki kvenna í frjálsum æfingum. Hún átti stórgott mót, vann meðal annars gullverðlaun á stökki og tryggði sér þriðja sætið á slá.

Haustmót 18.-19. október

Haustmót Fimleikasambands Íslands fór fram um helgina, 18.-19. október, í Versölum hjá Gerplu. Fimleikadeild Gróttu átti glæsilegan hóp keppenda sem stóð sig með stakri þryði á fyrsta móti haustannar.

Í 3. þrepi kepptu þær Elsa Finnsdóttir, Guðrún Jakobína Eiríksdóttir, Hugrún Anna Guðnadóttir, Mirra Kjartansdóttir, Salka Rún Grétarsdóttir, Sigurlaug Margrét Pétursdóttir, Sigurrós Ylfa Rúnarsdóttir og Sunneva Eyþórsdóttir. Sigurrós Ylfa Rúnarsdóttir

tryggði sér 3. sæti á slá! Í 2. þrepi kepptu þær Fanney Petrea L. Arnórsdóttir og Sigríður Lára Indriðadóttir. Í unglíngaflokki keppti Eldey Erla Hauksdóttir og tryggði sér silfur á stökki.

Aðventumót í desember

Gróttustúlkur á Aðventumóti Ármanns í áhaldafimleikum áttu glæsilega frammistöðu í 3. þrepi í desember. Þær voru algjörlega óstöðvandi og sópuðu inn verðlaunum. Í fjölþraut varð Sunneva Eyþórsdóttir í fyrsta sæti, Sigurrós Ylfa Rúnarsdóttir í öðru sæti og Elsa Finnsdóttir í því fjórða. Stúlkur í 4. þrepi áttu verulega fínt mót og lenti Kendra Osaivbie Awaanisha í þriðja sæti í sínum aldursflokki. Stúlkur í 5. þrepi sópuðu einnig til sín verðlaunum á mótinu og gaman að nefna að þar fékk Sylva Styrmsdóttir gull í fjölþraut.



Hópfimleikar

GK mót yngri fór fram dagana 7.-9. febrúar 2025 í Gerplu. Þar náði Gróttu góðum árangri, en 4. flokkur A hafnaði í áttunda sæti, 4. flokkur stökkfimi 1 náði fyrsta sæti, 4. flokkur stökkfimi 2 hafnaði í níunda sæti og KK yngri endaði í fimmta sæti. GK mót eldri fór fram dagana 28. febrúar – 2. mars 2025 hjá Stjörnnunni í Ásgarði. 3. flokkur A náði þar fjórða sæti, 3. flokkur stökkfimi í sjötta sæti, 3. flokkur stökkfimi KK í því sjöunda og 2. flokkur í sjöunda sæti.

Mótaröð 2 fór fram 2. mars 2025 hjá Stjörnnunni í Ásgarði en þar hafnaði 1. flokkur í tíunda sæti.

Bikarmót í hópfimleikum fór fram dagana 21.-23. mars 2025 hjá Fjölni í Egilshöll. Þar lenti 3. flokkur A-deild í fjórða sæti, 3. flokkur stökkfimi í áttunda sæti, 2. flokkur í áttunda sæti og 1. flokkur í sjötta sæti.

Íslandsmót í hópfimleikum fór fram dagana 11.-13. apríl 2025 hjá ÍA á Akranesi. Þar lenti 3. flokkur A-deild í fjórða sæti, 3. flokkur stökkfimi í fjórða sæti, 2. flokkur stökkfimi náði öðru sæti og 1. flokkur hafnaði í því fimmta.

Vormót yngri flokka fór fram dagana 16.-18. maí 2025 hjá Ármanni. Þar hafnaði 4. flokkur A-deild í sjötta sæti, 4. flokkur stökkfimi 1 náði fyrsta sæti, 4. flokkur stökkfimi 2 hafnaði í sextánda sæti og KK yngri endaði í því fjórða. Vormót eldri flokka fór fram helgina eftir og var einnig á Akranesi. Þar hafnaði 3. flokkur A-deild í fimmta sæti, 3. flokkur stökkfimi í sjötta sæti og 2. flokkur stökkfimi náði gulli í fyrsta sæti.



Mótaröð 3 fór fram 24. maí 2025 hjá ÍA á Akranesi en þar lenti 1. flokkur í tíunda sæti.

Haustmót yngri fór fram dagana 21.-23. nóvember 2025 á Selfossi. Þar var 4. flokki 1 í fjórtánda sæti, 4. flokkur 2 í því tuttugasta og sjötta sæti, 4. flokkur 3 í þrítugasta og fimmta sæti og KK yngri endaði í sjötta sæti. Haustmót eldri fór fram dagana 29.-30. nóvember 2025 í Ásgarði. Þar var 3. flokkur 1 í tíunda sæti og 3. flokkur stökkfimi í því fjórða.

Mótaröð 1 fór fram 22. nóvember 2025 var svo haldið hjá Gerplu í Vatnsenda og þar hafnaði 1. flokkur í tíunda sæti.

Þátttaka Gróttu í hæfileikamótun U18

Hæfileikamótun fór fram dagana 2.-3. maí 2025 hjá Fjölni og á Selfossi. Þar tóku þátt Ásdís Erna Indriðadóttir, Eva Bryndís Ragnheiðadóttir, Harpa Hrönn Egilsdóttir, Olga Elísa Bjarnadóttir, Sara Ósk Jónsdóttir og Sólveig Þ. Tryggvadóttir. Önnur hæfileikamótun fór fram 20. september 2025 í Vatnsenda (Gerplu), þar sem Harpa Hrönn Egilsdóttir tók þátt.

Æfingaferðir

Æfingaferð á Camp Ollerup í Danmörku

Stúlkur í 2. flokki fóru saman í æfingaferð á Camp Ollerup í Danmörku í ágúst 2025 sem er vinaklúbbur Gróttu. Þjálfarar hópsins, þau Bergdís K. Birgisdóttir og Hlynur F. Elvarsson fylgdu hópnum, ásamt fararstjóranum Hörpu Hlíf Bárðardóttur.

Æfingaferð til Lugí Gymnastik í Lundi í Svíþjóð

Stúlkur í bæði 3. flokki og 1. flokki fóru saman í æfingaferð til Lugí Gymnastik í Lundi í Svíþjóð í ágúst 2025. Frá 3. flokki tóku þátt 16 iðkendur og frá 1. flokki voru 10 iðkendur. Með í för voru þjálfarar deildarinnar þau Tomas Bekkavik, Halla Steingrimsdóttir, Bergdís K. Birgisdóttir, Hlynur F. Elvarsson, Bríet Bjarnadóttir og Lilja Pétursdóttir. Fararstjórar voru Sigrún Hallgrímsdóttir og Anna Ingibjörg Opp.

Viðburðir grunnhópa

Mikið var um að vera hjá grunnhópum Gróttu tímabilinu og ánægjulegt að fylgjast með ungum iðkendum taka sín fyrstu skref í fimleikum, styrkjast og ná árangri. Til að starfið fari sem best af stað eru í upphafi annar haldnir foreldrafundir fyrir alla grunnhópa deildarinnar þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins og góðar venjur í fimleikasalnum.



Vinsælir þemadagar og opin æfing

Viðburðir á borð við búningadag, gulan dag, bangsadag og ýmsa þemadaga nutu mikilla vinsælda hjá börnunum. Í lok nóvember var haldin opin æfing, en þar fengu iðkendur að njóta sín og sýna foreldrum sínum afrakstur æfinganna. Áhorfendastúkurnar voru dregnar út í fimleikasalnum og skapaðist skemmtileg og líflæg stemning. Allir iðkendur grunnhópa tóku þátt og fór æfingin fram í fimm hlutum yfir daginn.

Ofurhetjumót Gróttu og Colgate

Ofurhetjumót Fimleikadeildar Gróttu og Colgate 2025 fór fram í mars og er stærsti og einn af hápunktum starfsárs deildarinnar. Á mótinu komu saman yfir 300 ofurhetjur frá nokkrum félögum sem sýndu glæsilega takta í fimleikum í litríkri og ævintýralegru umgjörð þar sem gleði og spenna voru allsráðandi.

Elstu iðkendur grunnhópa, börn fædd 2017 og 2018, kepptu í 6. þrepi íslenska fimleikastigans. Fyrir marga þeirra var þetta þeirra fyrsta keppnisreynsla, og var sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með þeim takast á við nýjar áskoranir, sýna færni sína og upplifa stoltið sem fylgir því að stíga sín fyrstu skref á keppnisgólfinu.

Mótið stóð yfir heila helgi og var vel sótt af keppendum, þjálfurum og fjölskyldum þeirra. Áhorfendur sköpuðu



hvetjandi andrúmsloft og studdu iðkendur vel í gegnum mótið.

Viðburður af þessari stærðargráðu byggir á öflugum samstarfi fjölmargra aðila, þar á meðal þjálfara, dómara og sjálfboðaliða sem komu að skipulagningu og framkvæmd þess. Stuðningur styrktaraðila, Colgate, var einnig ómetanlegur þáttur í vel heppnaðri framkvæmd mótsins og nutu keppendur þess meðal annars með þátttökuverðlaunum að móti loknu.





Skýrsla knattspyrnudeildar Gróttu

Ávarp formanns

Kæra Gróttufólk,

Undanfarin ár hef ég á þessum vettvangi rifjað upp starfsemi liðins árs hjá knattspyrnudeild en í þetta skiptið ætla ég að leyfa mér að horfa lengra aftur í tímann. Ég kom inn í stjórn knattspyrnudeildartímabilið 2018 – 2019, fyrst sem fulltrúi í barna- og unglíngaráði og nokkur hin síðari ár sem formaður. Þar áður hafði ég eins og margir foreldrar iðkenda haft aðkomu að foreldraráðum og undirbúningi keppnisferða. Þetta teljast mér því vera um 8 ár sem ég setið í stjórninni og eitthvað lengur ef allt er talið. Mín tilfinning er sú að samhliða örrí þróun í knattspyrnuheiminum séu sífellt ríkari kröfur gerðar til íþróttafélaga og starfsemi þeirra. Það er nær sama hvar er borið niður í þeim efnum, hvort heldur sem er í starfinu á vellinum, utanumhaldi og skipulagi æfinga- og keppnisferða, miðlun efnis úr starfinu, ferðalaga, þjónustu við iðkendur og foreldra eða varðandi aðstöðu til æfinga- og keppni.

Umfangið á rekstri knattspyrnudeildar Gróttu er líkast til meira en margir gera sér grein fyrir. Leitast er við að halda úti starfsemi til æfinga og keppni í öllum flokkum. Þegar það tekst er um að ræða 14 æfingahópa. Í vetur voru rösklega 40 æfingar á viku á dagskrá hjá um 350 iðkendum og árið 2025 voru spilaðir um 200 leikir á Vivaldivellinum. Þetta er fyrir utan meistaraflokka félagsins en þeir æfa að jafnaði 4 – 5 sinnum í viku fyrir utan keppnisleiki. Meistaraflokkunum fylgja svo m.a. þjálfarar, aðstoðarþjálfarar, styrktarþjálfarar, sjúkrapjálfarar og liðstjórar, æfingafærðir, ferðalög í keppnisleiki og ríkar



Þorsteinn Ingason, formaður

kröfur varðandi aðbúnað og umgjörð um keppnisleiki í deild. Allt þetta þarf að skipuleggja og hafa eftirlit með. Íslensk knattspyrna er fyrir löngu orðin heilsársíprótt og því ekki bundin við sumarið, þó það sé vissulega álagstími í starfinu.

Á sama tíma og kröfurnar og umfangið hafa aukist þá hefur skort á uppbyggingu innviða félagsins. Of stór hluti af starfinu hvílur um of á of fáum einstaklingum og aðstaðan er mörgu leyti búin að sprengja utan af sér. Knattspyrnudeild Gróttu og íþróttafélagið sjálft verða að hafa yfir að ráða öflugum innviðum, kraftmiklu starfsfólki og stjórnarmönnum til þess að starfið gangi hnökralaust fyrir sig. Þessu þarf að huga að á komandi misserum til þess að starfið megi halda áfram að dafna.

Á því tímabili sem ég hef setið í stjórn knattspyrnudeildar hefur gengið á ýmsu og hafa verkefnin verið fjölbreytt. Margt gekk vel og annað síður, svona eins og gengur. Heilt yfir hefur þetta þó verið skemmtilegt. Eftir stendur að í gegnum starf félagsins hef ég verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa kynnst miklum fjölda fólks og er það ekki bundið knattspyrnudeild. Má þar nefna m.a. iðkendur, þjálfara, foreldra, stuðningsmenn, þjálfara, starfsfólk, stjórnarmenn og ýmsa aðra sem aðkomu hafa haft að félaginu á tímabilinu. Öllu því góða fólki sem ég hef rekist á í starfinu með einum eða öðrum hætti þakka ég fyrir samstarfið og samfylgdina.

Ég man ekki til þess að hafa nokkurn tímann í eiginlegum skilningi boðið mig fram til stjórnarsetu í félaginu heldur

var ég beðinn fyrir því á sínum tíma. Hið sama var uppi á teningnum þegar ég tók við embætti formanns. Mér þykir því fara best á því að nú þegar ég hef ákveðið að láta gott heita að ég biðjist einfaldlega lausnar. Mun ég leggja þá beiðni fyrir komandi aðalfund félagsins.

Hér á eftir fer annars greinargott yfirlit um starfsemi knattspyrnudeildar á árinu 2025.

Þorsteinn Ingason,
fráfarandi formaður knattspyrnudeildar



Árangur ársins

Starf yngri flokka

Barna- og unglingastarfið er undirstöðuþátturinn í starfi knattspyrnudeildar Gróttu. Boðið er upp á æfingar fyrir börn á leikskólaaldri (8. flokkur) upp í 19 ára. Æft er allan ársins hringi utandyra en yngstu börnin æfa að hluta til inni í íþróttahúsi yfir vetrartímam. Hansína Þóra Gunnarsdóttir og Paul Westren voru yfirþjálfarar yngri flokka árið 2025 og leiddu metnaðarfullan hóp þjálfara. Síðastliðið haust sneri Pétur Már Harðarson aftur í Gróttu eftir þriggja ára dvöl hjá Víkingi og tók við stöðu yfirþjálfara. Óhætt er að segja að koma Péturs sé hvalreki fyrir deildina og það verður spennandi að sjá þróun yngri flokka starfsins næstu misserin undir stjórn Péturs. Í júní og júlí var að venju boðið upp á knattspyrnskóla fyrir 6-10 ára og „akademíu“ fyrir 11-13 ára og tókust bæði námskeið vel. Það var Grímur Ingi Jakobsson sem hafði yfirumsjón með sumarnámskeiðunum en margir ungir og efnilegir þjálfarar störfuðu á námskeiðunum.

Meistaraflokkur karla

Eftir svekkjandi fall niður í 2. deild haustið 2024 var stefnan hjá Gróttumönnum sett aftur upp í Lengjudeild. Hinn þrautreyndi Rúnar Páll Sigmundsson tók við stjórnartaumunum með Paul Westren sér við hlið og það var ljóst að það var verðugt verkefni fyrir höndum

með breytt Gróttulið í strembinni deild þar sem þurfti að ferðast víða um land.

Björgvin Brimi Andrússon, Daði Már Jóhannsson, Einar Tómas Sveinbjarnarson og Viktor Orri Guðmundsson sneru allir heim í Gróttu og markvörðurinn Marvin Darri Steinarsson var sóttur upp á Akranes. Kristófer Dan Þórðarson, Daníel Agnar Ásgeirsson, Dagur Bjarkason og Hrannar Ingi Magnússon gengu sömuleiðis til liðs við Gróttu að ógleymdum hinum bandaríska Caden McLagan.

Undirbúningstímabilið var að öðru leyti tíðindalítið en æfingaferð til Campoamor á Spáni tókst með eindæmum vel en karla- og kvennalið Gróttu fóru saman í ferðina. Gróttu sigraði lið Víðis í fyrstu umferð bikarkeppinnar en tapaði svo 4-1 fyrir úrvalsdeildarliði ÍA á föstudaginn langa.

Íslandsmótið hófst á „heimaleik“ á Hlíðarenda þann 3. maí en Gróttu gat ekki leikið á Vivaldivellinum fyrr en í júníbyrjun vegna framkvæmda. Gróttuliðið tapaði aðeins einum leik í fyrri umferðinni en gerði klaufaleg jafntefli og sat í þriðja sætinu eftir ellefu leiki. Í sumar gerðu Gróttumenn gríðarlega vel í að sækja sigra á erfiða útivelli á Dalvík, Egilsstaði, Neskaupsstað og Þorlákshöfn en leikir við liðin í neðri hlutanum flæktust fyrir strákunum.



Grótta hélt sér í hæfilegri fjarlægð frá toppliðunum og trúin var alltaf til staðar.

Fyrir síðustu fimm leiki deildarinnar var allt í járnum – Þróttur Vogum var í öðru sæti með 30 stig og Dalvík og Grótta í þriðja og fjórða sæti með 29 stig. Dalvíkingum fataðist flugið en Grótta og Þróttur unnu næstu fjóra leiki sína og þann 13. september **var komið að síðustu umferðinni þar sem Grótta átti einmitt heimaleik við Þróttara. Seltirningar fjölmenntu á völlinn í blíðskaparveðri og það var allt undir fyrir Gróttuliðið sem varð að sækja sigur.** Skemmst er frá því að segja að Grótta var mikið betri aðilinn og skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik sem réðu úrslitum. Andri Freyr Jónasson, sem kom á láni frá Aftureldingu í sumarglugganum, skoraði það fyrra og Kristófer Dan Þórðarson, markahæsti leikmaður Gróttu í sumar, skoraði seinna markið með þrumufleyg fyrir utan teig.

Áfanganum var vel fagnað enda náðist helsta markmið sumarsins – **sæti í Lengjudeildinni var tryggt á ný!**



Caden, Grímur og Björgvin Brimi voru að tímabili loknu kjörnir í lið ársins og Björgvin var ennfremur valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar. Þess ber sömuleiðis að geta að í sumarið 2025 spiluðu níu leikmenn á 2. og 3. flokks aldri leiki með Gróttu.

Meistaraflokkur kvenna

Annað haustið í röð urðu þjálfaraskipti hjá meistaraflokki kvenna þegar Matthías Guðmundsson hélt í heimahagana á Hlíðarenda og Dominic Ankers tók við liðinu. Guðni Snær Emilsson kom frá Víkingi og varð aðstoðarþjálfari við hlið Melkorku Katrínar sem tók yfir styrktarþjálfun liðsins. Það var engan bilbug á Gróttukonum að finna sem voru staðráðnar í að fylgja á eftir góðum tímabilum 2023 og 2024.

Í janúar keypti Valur Arnfríði Auði Arnarsdóttir frá Gróttu en Aufrí hafði verið lykilmanneskja í Gróttuliðinu árin á undan þrátt fyrir ungan aldur. Það voru þó öflugir leikmenn sem gengu til liðs við Seltirninga eins og Katrín Rut Kvaran, Hulda Ösp Ágústsdóttir og Tara Jónsdóttir ásamt þeim bandarísku Haylee Spray og Rianne Molenaar.

Lengjubikarinn gekk brösuglega en æfingaferðin til Spánar var vel heppnuð í góðu samstarfi við karlaliðið. Grótta sigraði ÍH örugglega í fyrstu umferð bikarsins en tapaði svo á móti ÍBV í annarri umferð. Íslandsmótið hófst með „heimaleik“ á heimavelli Þróttara en Gróttuliðin gátu ekki spilað á Vivaldivellinum fyrr en í byrjun júní vegna framkvæmda. HK sigraði okkar konur í fyrsta leiknum og eftir fjórar umferðir var Grótta aðeins með þrjú stig í næst neðsta sæti. Engin draumabyrjun en þá var spýtt í lófana: **Næstu FIMM leikir unnust og skyndilega voru Gróttukonur byrjaðar að narta í hæla HK sem var í öðru sæti.**

Rebekka Sif Brynjarsdóttir hélt út í atvinnumennsku í sumarglugganum en Saga Líf Sigurðardóttir kom frá Aftureldingu. Eftir nokkra slaka leiki seinni partinn í júlí var orðið ljóst að Grótta þyrfti kraftaverk til að komast upp – það varð að vinna fimm síðustu leikina og treysta á að HK eða Grindavík/Njarðvík myndu misstíga sig. Gróttukonur gerðu frábærlega, unnu ALLA leikina en það dugaði ekki til og Grindavík/Njarðvík fylgdi ÍBV upp í Bestu deildina.

Leikmenn og þjálfarar Gróttu geta borðið höfuðið hátt. Þriðja árið í röð var stigamet félagsins í Lengjudeild kvenna slegið og 12 leikir af 18 unnust. Dom var á sínu fyrsta tímabili sem aðalþjálfari og Hulda, Katrín, Rebekka og Lovísa skoruðu fleiri mörk í sumar en þær höfðu áður gert á einu tímabili.

En það sem réði úrslitum var sú staðreynd að Grótta náði aðeins að vinna einn leik af sex gegn þremur efnustu liðunum.

Að tímabili loknu var Hildur Björk Búadóttir valin í lið ársins í deildinni og Rebekka Sif var kjörin efnilegasti leikmaður deildarinnar.

Ekki slæmt fyrir Gróttu að eiga efnilegasta leikmanninn í bæði meistaraflokki karla og kvenna og efnilegasta leikmann Lengjudeildar kvenna annað árið í röð!

Bikarævintýri

Sumarið 2025 var lyginni líkast hjá 2. og 3. flokki karla hjá Gróttu. Bæði lið komu sér með ótrúlegri frammistöðu í sannkölluð bikarævintýri sem enduðu með tveimur úrslitaleikjum í september.

Strákarnir í 3. flokki sigruðu Selfoss í fyrstu umferð og Austurland í 16-liða úrslitum. Í 8-liða úrslitum komu Framarar í heimsókn á Gróttuvöll þar sem Grótta sigraði 4-3 í framlengdum leik. Grótta fékk heimaleik í undanúrslitum þar sem KA-menn voru mótherjarnir.

KA komst í 2-0 en á lokamínútum leiksins skoraði Grótta úr tveimur hornspyrnum – annað markanna var sjálfsmark og hitt skalli frá Gústaf Adólf Gústafssyni. **Í framlengjunni skoraði Birgir Davíðsson Scheving sigurmarkið og sæti í bikarúrslitum tryggt í fyrsta sinn í sögunni hjá 3. flokki Gróttu.**

Blikar reyndust of sterkir í úrslitaleiknum sem var spilaður á Kópavogsvelli og unnu sannfærandi sigur. Gróttumenn náguðust þó leikinn af hugrekki og spiluðu sinn bolta þrátt fyrir að tilefnið væri stórt.

Strákarnir í 2. flokki unnu ÍBV í fyrstu umferð og gerðu sér svo lítið fyrir og unnu nágranna sína í KR 7-2 í 16-liða úrslitunum! Óvæntur 1-0 sigur vannst á Stjörnunni í 8-liða úrslitum en Garðbæingar voru ofarlega í A-deild allt sumarið. Í undanúrslitaleiknum var komið að heimsókn í efri byggðir Kópavogs til að spila við HK. Leikurinn var spennutryllir sem endaði með framlengingu og vítaspyrnukeppni. **Þar báru Gróttumenn sigur úr bítum og sæti í bikarúrslitum staðreynd – já í fyrsta sinn í sögu félagsins.**

Skagamenn mætu Gróttu í úrslitaleik sem var spilaður á sjálfum Vivaldivellinum fyrir framan troðfulla stúku. Sterkt lið ÍA komst í 4-0 snemma leiks en Grótta gafst ekki upp og minnkaði muninn í 4-2 fyrir leikhlé. Lokatölur urðu 7-5 fyrir Skagamenn sem voru sterkari aðilinn í leiknum en sóknartilburðir Gróttu voru oft á tíðum glæsilegir.



Það er saga til næsta bæjar að tvö lið frá Gróttu leiki úrslitaleik á landsvísu sama sumarið. Flokkar Gróttu leika sjaldan við sterkustu lið landsins enda er munur á leikmannafjölda oftast talsverður. En árangur sumarsins sýnir að eitthvað er að gerjast á Nesinu – að þrátt fyrir smæðina býr okkar fólk yfir einhverju sem mögulega er vandfundið annars staðar.

Rebekka til FCN

Í ágúst skipti Rebekka Sif Brynjarsdóttir út Gróttu til danska stórliðsins FC Nordsjælland. Rebekka varð því önnur atvinnukona Gróttu og er jafnframt yngsta íslenska knattspyrnukonan sem er seld út í atvinnumennsku, rétt rúmlega 16 ára gömul. Rebekka Sif lék með Gróttu upp alla yngri flokkana en hún spilaði jafnt með stelpum



og strákum og vakti snemma athygli fyrir takta inni á vellinum og mikið keppnissskap. Hún spilaði sína fyrstu meistaraflokksleiki árið 2023, þá aðeins 14 ára gömul, en var tímabilin 2024 og 2025 í lykilhutverki hjá Gróttuliðinu.



Aðstaða

Langri bið knattspyrnufólks á Seltjarnarnesi eftir nýju gervigrasi lauk á vormánuðum 2025. Gamla grasinu sem var lagt sumarið 2016 var flett af og nýtt hágæðagervigras var sett á. Ekki nóg með það heldur var sett upp vökvunarkerfi með sex stútum í jaðri vallarins. Talsvert rask varð á starfi deildarinnar á meðan framkvæmdum stóð en þjálfarar og iðkendur eiga heiður skilinn fyrir einstaka þolinmæði og jákvætt hugarfar.

Til viðbótar við nýtt gervigras hefur gámahúsum verið komið fyrir austan við vallarhúsið sem þjóna hlutverki geymslu, lítillrar skrifstofu og búningssklefa fyrir yngri iðkendur. Áfram þarf að huga að uppbyggingu á svæðinu en varamannaskýlin eru komin til ára sinna og aðstaða fyrir fjölmiðla er nánast ekki til staðar. Þá er brýnt að útfæra langtímaplan fyrir uppbyggingu á svæðinu enda hefur iðkenda fjöldi nánast tvöfaldast síðan að vallarhúsið var vígt árið 2009. Mikil tækifæri eru til staðar á svæðinu til að byggja upp skrifstofurými, aðstöðu fyrir veitingasölu og stærri félagsaðstöðu.

Mannauður

Stjórn knattspyrnudeildar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Þorsteinn Ingason	Formaður	Lögmaður	10
Harpa Frímannsdóttir	Varaformaður	Kennari með meistaragráðu í lestrarfræðum	8
Kristín Huld Þorvaldsdóttir	Meðstjórnandi	MSc í stjórnun og stefnumótun	6
Helgi Héðinsson	Meðstjórnandi	Cand.psych gráða í sálfræði	4
Benedikt Freyr Jónsson	Meðstjórnandi	Plötusnúður, Bachelor í upplýsinga- og fjölmiðlafræði	1
Ingvi Arnar Sigurjónsson	Gjaldkeri	Rekstrar- og markaðsfræðingur	2

Stjórn knattspyrnudeildar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Magnús Örn Helgason	Yfirmaður knattspyrnudeildar	BSc í Íþróttfræði, UEFA Pro þjálfaragráða	13
Haraldur Ingi Ólafsson	Verkefnastjóri	BSc í Íþróttfræði, UEFA B	>1
Jórunn María Bachmann Þorsteinsdóttir	Samfélagsiðlastjóri	Meistargráða í lögfræði	13
Pétur Már Harðarsson	Yfirþjálfari yngri flokka	Íþróttfræðingur, kennari og íþróttasálfræðingur	13

Nefndir

Meistaraflokksráð karla	Meistaraflokksráð kvenna	Barna- og unglíngaráð
Benedikt Freyr Jónsson	Harpa Frímannsdóttir	Helgi Héðinsson
Bjarni Rögnvaldsson	Kristín Huld Þorvaldsdóttir	Jórunn María Bachmann Þorsteinsdóttir
	Stefán Bjarnason	Kristófer Melsteð
	Lilja Nótt Þórarinsdóttir	Friðrik Runólfsson
	Tinna Bjarkar Jónsdóttir	Hervör Pálsdóttir

Þjálfarar meistaraflokka

Meistaraflokkur karla		Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Aðalþjálfari	Rúnar Páll Sigmundsson	Íþróttfræðingur, UEFA Pro. UEFA-B, Talent ID 3 L1 (English FA)	2
Aðstoðarþjálfari	Paul Westren	UEFA A & UEFA Elite Youth A. BA Hons Communication Studies, Diploma in Marketing, PG Cert Teaching & Learning	5
Styrktarþjálfari	Hilmar Andrew McShane	BS gráða í viðskiptafræði og KSÍ C	3
Osteopati	Viktor Bonometti	MSc Osteopati	3
Markmannsþjálfari	Aron Logi Sigurpálsson	KSÍ C	2

Meistaraflokkur kvenna		Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Aðalþjálfari	Dom Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / BSc in Sport & Exercise Science	5
Aðstoðarþjálfari	Guðni Snær Emilsson	Klínískur sálfræðingur, UEFA B og UEFA B youth	2
Aðstoðar- og styrktarþjálfari	Melkorka Katrín Flygenring Pétursdóttir	UEFA B og BS í sjúkraþjálfun	3
Markmannsþjálfari	Aron Logi Sigurpálsson	KSÍ C	2
Sjúkraþjálfari	Alex Mar Bjarkason	MSc í sjúkraþjálfun	2

Þjálfarar yngri flokka

Flokkur	Þjálfari	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Yfirþjálfari, 6. fl ka	Paul Westren	UEFA A & UEFA Elite Youth A. BA Hons Communication Studies, Diploma in Marketing, PG Cert Teaching & Learning	5
Yfirþjálfari (frá sept)	Pétur Már Harðarson	Íþróttfræðingur, kennari og íþróttasálfræðingur	13
Yfirþjálfari	Hansína Þóra Gunnarsdóttir	BSc íþróttfræði, KSÍ C 1	5
2. fl.ka	Arnar Þór Axelsson	UEFA-A og stúdentspróf	13
3. fl.ka, 5. fl.ka, 7. fl.ka, 8. fl	Þorsteinn Halldórsson	UEFA-B og KSÍ A1, B.Sc í íþrótt- og heilsufræði	4
4. fl.ka, 5. fl.kv	Jóhann Egill Jóhannsson	Nemi	4
4. fl.ka, 6. fl kk	Grímur Ingi Jakobsson	Nemi	3
4. fl.kv	Melkorka Katrín Flygering Pétursd.	UEFA B og BS í sjúkraþjálfun	3
4. fl.kv	Magnús Örn Helgason	B.Sc í íþróttfræði, UEFA Pro þjálfaragráða	13
